


framtíð

Hvernig verður vinnan mín eftir 10 ár?

Hvernig hjálpar tæknin okkur?

Hvernig búum við okkur undir breytingarnar?



Til góðra verka í 10 ár



Blaðið er gefið út í tilefni tíu ára afmælis AFLs Starfsgreinafélags. Stjórn félagsins ákvað að helga blaðið breytingum sem eru á næsta leyti á vinnumarkaði og stórkostlegum samfélagsbreytingum sem þeim fylgja. Með að skyggjast með þessum hætti inn í framtíðina vill félagið styðja Austfirðinga inn í framtíðina til góðra verka.

Útgefandi: AFL Starfsgreinafélag

Ábyrgðarmaður: Sverrir Mar Albertsson

Ritstjórn: Gunnar Gunnarsson

Höfundar efnis og mynda: Gunnar Gunnarsson, Kristborg Böel Stefánsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Ljósmyndasafn Austurlands og AFL Starfsgreinafélag.

Prófarkalestur: Bókstafur ehf.

Upplag: 5.500 eintök

Umbrot: Augasteinar ehf.

Prentun: Héraðsprent

Dreift í öll hús á félagssvæði AFLs frá Langanesi til Skeiðarár.



Til góðra verka

í 10 ár!

Meðal efnis

fortíð og nútíð en mest framtíð



Aukin menntun er eina svarið

Framleiðslustörfin hverfa innan 20 ára, hver verða viðbrögð okkar við því?

9



Hvað gerist í sjávarútvegi?

Tækniþyting hefur orðið í uppsjávarvinnslu síðustu ár og nú er komið að bolfiskinum.

15



Hvað gerist í landbúnaði?

Dráttarvélnar keyra sjálfar um túnin og bóndinn stjórnar þeim heima úr stofu.


18



Hvað gerist í verslun og þjónustu?

Þú afgangur þig sjálfur á kassanum eftir að vélmenni hefur hjálpað þér að finna það sem þú þarft í búðinni.

24



Björt framtíð og breytingar

Hvert verður hlutverk verkalyðsfélaga eins og AFLs þegar vinnumarkaðurinn breytist?

33



Austfirskt verkalyðssamstarf í 100 ár

Austfirðingar hafa löngum gert sér grein fyrir kostum samstarfs verkalyðsfélaga en erfiðar samgöngur settu strik í reikninginn framan af.

15



Alltaf til hópar sem lenda undir

Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, formaður AFLs, er knúin áfram af þörfinni fyrir að berjast fyrir réttindum fólks.

42



Fólkið í íbúðunum

Orlofsíbúðir AFLs hafa oft reynst austfirskum fjölskyldum vel. Við bönnuðum upp á og fengum að heyra dæmisögur.

50



Andlitin á bak við AFL

Hver er að baki röddinni sem svarar þegar þú hringir?

51

Hvaða störf geta tölvurnar unnið?

Hvað geta tölvurnar ekki gert?

Tölvurnar eiga erfitt með að keppa við mannsheilann þegar þörf er á skapandi hugsun, hæfni í mannlegum samskiptum eða geta brugðist við í óvæntum aðstæðum. Þær eiga einnig erfitt um vik þar sem þörf er á flókinni handavinnu eða takmarkað pláss er til athafna. Rétt er þó að vélmennin eru í sókn á öllum þessum sviðum.

Lægst launuðu störfin tæknivædd

Búið er við að lægst launuðu störfin séu þau sem helst verði tæknivædd. Þeir sem eru í láglounastörfum þurfa því að færa sig yfir í störf sem ekki er hægt að tæknivæða, þau sem krefjast skapandi hugsunar og félagslegrar færni. Ætli launþegar að hafa betur í samkeppni við tölvurnar verða þeir að öðlast þessa færni.

Helmingur starfa í hættu?

Ætlað er að 47% starfa á bandarískum vinnumarkaði séu í verulegri hættu að verða tölvuvædd á næstu tíu til tuttugu árum. Í mestri hættu eru almenn skrifstofustörf, viðgerðarþjónusta og störf aðstoðarfólks og við flutninga. Þá er fjöldi starfa í verslun og þjónustu, sem eru þær greinar sem vaxið hafa hvað hraðast síðustu áratugi, í verulegri hættu. Vaxandi markaður er fyrir hvers konar þjónustuvélmenni og þau saxa ört á forskot mannsins í verkum sem krefjast hreyfanleika og nákvæmra handtaka.

Starf	Líkur á tölvuvæðingu
Úrviðgerðir	99%
Handsamur	99%
Lánasérfræðingur	98%
Gjaldkerar	97%
Rítarar	96%
Almenn skrifstofustörf	96%
Póstafgreiðsla	95%
Kjötiðnaðarfólk	93%
Sölufólk verslana	92%
Bílstjórar	89%
Öryggisverðir	84%
Kokkar á skyndibitastöðum	81%
Barþjónar	77%
Bókasafnsverðir	65%
Tölvuforritarar	48%
Sagnfræðingar og hagfræðingar	44%
Heimahjálparar	40%
Flugþjónar	35%
Millistjórnendur	25%
Slökkviliðsmenn	17%
Hárgreiðslufólk	11%
Rithöfundar	4,0%
Lögfræðingar	3,5%
Skóglfræðingar	0,8%
Íþróttþjálfarar	0,7%
Meðferðarfræðingar	0,3%

almenn skrifstofustörf

96%

rithöfundar

4%

Stríðið um störfin

Hvað á ég að gera?

Hraðar, hærra, sterkar eru einkunnarorð Ólympíuleikanna. Þau lýsa þeim metnaði íþróttamanna að gera betur en þeir gerðu í gær. Á vinnumarkaði eru einkennisorðin „hraðar, ódýrar, nákvæmar.“

Bylting er framundan á vinnumarkaði. Sérfræðingar nota hugtök eins og „fjórða iðnbyltingin“ eða „vélöldin hin síðari.“ Atvinna hundruð milljóna manna, ef ekki milljarða, er í hættu. Íslenskur vinnumarkaður er ekki undanþeginn þessum breytingum.

Hvað er að gerast? Tölvurnar eru að taka yfir. Við höfum heyrt frasann áður og séð breytingar. Nær ómögulegt er til dæmis að bera saman tölur Hagstofunnar um íslenskan vinnumarkað áratugi aftur í tímann því flokkun starfsgreinanna hefur breyst svo mikið. Því er kannski eðlilegt að hugsa „úlfur, úlfur“ þegar okkur er sagt að við verðum óþörf eftir nokkur ár. Við höfum heyrt það áður og lifað af.


Og það munum við vissulega gera líka núna en til þess þurfum við að horfast í augu við það sem er að gerast og bregðast við. Reiknigeta tölvanna margfaldast á stuttum tíma en þær eru orðnar færar um meira en bara að reikna og skila okkur svörum. Stökkið er í gervigreindinni. Tölvurnar hafa

„Þú getur verið að mennta þig til starfa eða til vinnu í fyrirtækjum sem ekki verða til eftir 5-10 ár.“

- Mark Weinberger
framkvæmdastjóri EY

lært að skrifa, heyra, tala, svara og eru enn að læra.

Þær geta geymt upplýsingar, unnið úr þeim og brugðist rökrétt við. Þær eru farnar að geta sagt okkur hvað við viljum áður en við vitum það sjálf. Þær eru komnar með meiri hreyfifærni. Þær eru orðnar vandvirkari.



Meiri framleiðni, færri störf

Svo byrjar samkeppnin á vinnumarkaðinum. Þær þurfa ekki matar- eða kaffitíma. Þær taka ekki veikindadaga. Þær þurfa ekki sumarfrí með fjölskyldunni. Það eru störf sem vélnar vinna hraðar og betur en mannfólkið.

Við þekkjum dæmin úr frumframleiðslugreinunum. Framleiðni í sjávarútvegi og landbúnaði á Íslandi hefur margfaldast undanfarnin 50 ár á sama tíma og starfsfólki fækkar. Afleiðingarnar eru svokölluð hagræðing, þar sem framleiðslueiningunum fækkar og þær stækka. Sérfræðingar í greinunum sjá ekki fram á að nein breyting verði þar á næstu

ár. Áfram verði samþjöppun í sjávarútvegi og sveitabýlum fækki.

En vélnar vinna ekki eftirlitslausar. Í sjávarútveginum hafa störfin til dæmis breyst þannig að sérfræðipækkingu þarf til að fylgjast með að vélnar vinni verk sín skammlaust og til að gera við ef eitthvað fer úrskaiðis. Það má kannski líkja því við veikindadaga okkar.

Framleiðslustörfin þurrkast út

Flestum ber saman um að lægst launuðu störfin séu í mestri hættu. Vélmanni, hugbúnaður og önnur tölvutækni er tilbúin að taka yfir flest störf í framleiðslu, flutningum, viðgerðum, þjónustu í gegnum síma, aðstoðarmannastörf og að miklu leyti í verslun. Þetta þýðir að tugir þúsunda starfa á íslenskum vinnumarkaði geta horfið.

„Við vanmetum áhrifin til lengri tíma en ofmetum þau til skamms tíma.“

- Bill Gates
Stofnandi Microsoft

Á Bandarískum vinnumarkaði er áætlað að helmingur starfa sé í hættu. Um páskana kom út skýrsla í Bretlandi sem spáir því að 30% starfa hverfi fyrir 2030, ekki sú fyrsta á árinu. Þar er áætlað að 60% starfa í flutningi og framleiðslu hverfi. Annars staðar er hlutfallið hærra, allt upp í 77% í Kína, fjölmennasta ríki heims.

En það eru ekki bara þau störf sem krefjast

lítillar menntunar sem eru í hættu. Vel launuð störf, til dæmis í fjármálageiranum, eru í hættu. Tölvun tekur úthugsaðri ákvarðanir í verðbréfavíðskiptunum.

Hver heldur aftur af leiðindunum?

„Norræna velferðarlíkanið verður að aðlagast breyttum vinnumarkaði.“

- Anna Felländer
sænskur hagfræðingur

Hvað svo? Tæknin tekur af okkur líkamlega erfiðustu störf og eflir heilbrigðisþjónustuna sem þýðir að lífslíkur okkar aukast. Fleiri störf unnin af vélmennum þýðir líka meiri frítími. En atvinnuleysið fer illa með manninn. Franski heimspekingurinn Voltaire sagði að vinnan héldi þremur skaðvöldum í skefjum: leiðindum, löstum og neyð. En hvernig höldum við þessum skaðvöldum í skefjum ef enga vinnu er að hafa. Rannsóknir sýna að ekkert hefur meiri áhrif á hvernig okkur líður en hvort við höfum hlutverk og tilgang og atvinna er eitt af því sem tryggir okkur það.

Tæknivæðingin, ekki hnattvæðingin

Við þekkjum umræðuna um breytt vinnuumhverfi. Hvernig hnattvæðingin hefur molað undan atvinnugreinum og stórfyrirtæki flutt starfsemi sína frá Vesturlöndum til staða með spilltar ríkisstjórnir sem skeyta hvorki um réttindi verkafólks né umhverfisáhrif.

„Það er erfitt að spá fyrir um hvað gerist, einkum í framtíðinni.“

- Yogi Berra
bandarískur hafnaboltaleikmaður

Við búum við aukna samkeppni. Þú ert ekki lengur að keppa við bekkjarfélaga þinn um starf, þú ert að allt eins að keppa við jafnaldra þinn frá Indlandi. Danskir félagsfræðingar tala um samkeppnisríkið, þar sem keppnin er um hver sé vinsælastur, fallegastur og gáfaðastur og tengsl þessarar pressu við kvíða ungmenna. Við höfum líka séð þjóðarleiðtoga ræða um að loka landamærum gagnvart utanaðkomandi vinnuafli, hvernig þeir ætli að berjast gegn því að fyrirtækin flytji starfsemi sína úr landi. Málflutningur þeirra um að skapa tímavél sem færir okkur áratugi aftur á bak vekur skiljanlega lukku meðal þeirra sem misst hafa vinnuna og leita tækifæra til að tryggja sér og sínum framfærslu. Þekktasta dæmið er Donald Trump Bandaríkjaforseti sem byggði sigur sinn á lofordum um aukna framleiðslu

„Ég hef ekki áhyggjur af stríði manna og vélanna. Það geri ég ekki fyrr en daginn sem tölvun mín finnur prentarann.“

- Andrew McAfee
bandarískur hagfræðingur

í Bandaríkjunum, vernda bílaiðnaðinn, ganga á náttúruauðlindirnar og fékk fyrir vikið atkvæði hins sanna verkamanns. Þar í landi hefur dregið í sundur á milli launa verkafólks og millistéttarinnar, þrátt fyrir aukna framlegð. Atvinnuleysi hefur aukist í lægri stéttum og því fylgja félagsleg vandamál, æ fleiri úr þeim fara í fangelsi þar sem afbrotum fjölga, hjónabönd rofna og möguleikum næstu kynslóðar til að vinna sig upp fækkar. Sá félagslegi hreyfanleiki sem var forsendan að landi tækifæra er að hverfa. Hnattvæðingin er bara einn áhrifaþátturinn og áhrif hennar fara dvínandi. Það gera áhrif tæknivæðingarinnar hins vegar ekki.

„Jæja, hvernig list þér á nýju vélmennum, hvernig ætlaðu að fá þau til að borga verkalýðsgjöld?“

- Henry, hvernig ætlar þú að fá þau til að kaupa bílana þína?“

Orðaskipti Henry Ford og formanns verkalýðsfélagsins í verksmiðjum hans.

Hvað er til ráða?

Flestir sérfræðingar benda á menntun. Það eru sérhæfðu störfin sem tölvurnar geta ekki (enn) unnið sem lifa af. Svörin virðast felast í menntakerfi sem leggur áherslu á sköpun, sjálfstæða hugsun og forvitni. Eins þarf að huga að fullorðinsfræðslu til að gera þeim sem missa vinnuna vegna tæknivæðingar kleift að öðlast nýja færni til að haldast á vinnumarkaðinum.

Í öðru lagi þarf að ýta undir nýsköpun. Að þeir sem vilja byggja sér og sínum ný atvinnutækifæri geti það. Stuðningurinn skilar sér til baka síðar.

Í þriðja lagi þarf að huga að skattkerfum og dreifingu auðæfanna. Skattheimta norræna velferðarkerfisins, og þar með þess íslenska, byggir að miklu leyti á að taka skatt af launum fólks, sveitarfélögin treysta til dæmis á útsvarið. En hver borgar skattana þegar launþeginn heitir ekki lengur Jón Jónsson heldur R2D2? Hver heldur þá uppi opinberri þjónustu? Eiga vélmennin að borga skatta?

Eins þarf að hugsa út í dreifingu auðæfanna. Þróunin hefur verið sú að laun eru minnkandi hlutfall veltu. Það skapar titring í samfélaginu þegar bilið eykst milli fátækra og ríkra, svo ekki sé minnst á það ef fólk er án atvinnu langtíðum saman. Staðreyndirnar og sviðsmyndirnar eru þarna úti. Við þurfum að sýna hæfnina til að vinna úr þeim og taka ákvarðanir sem skila ekki bara okkur, heldur afkomendum okkar öruggri og ánægjulegri framtíð.

Hvernig verður Austurland árið 2030?



Því er spáð að Íslendingar verði orðnir 450.000 talsins árið 2030, sem er þriðjungsfjölgun á rúmum áratug. Á sama tíma fjölgar Austfirðingum lítillega. Fjölgunin byggir einkum á ferðaþjónustunni og virðist mest verða á suðvesturhorninu líkt og hingað til.

Þetta eru meginniðurstöður skýrslu sem Framtíðarsetur Íslands vann fyrir Bygðastofnun á síðasta ári þar sem reynt er að spá fyrir um búsetuþróun á landinu til ársins 2030. Skýrslan var unnin í tengslum við nýja byggðastefnu.

Austfirðingar þekkja á eigin skinni þróun síðustu ára þar sem fækkað hefur í frumframleiðslugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, bæði með tækniþróun og samþjöppun framleiðenda. Þótt íbúum fjórðungsins hafi fjölgað síðustu ár er fjölgunin bundin við miðsvæðið. Hlutfallslega hefur íbúum fækkað þegar horft er til heildarfjölgunar Íslendinga. Þegar sú þróun er skoðuð kemur í ljós að fjölgunin er nær öll á suðvesturhorninu.

Ferðaþjónustutækifæri á hverjum stað

Á móti hafa á allra síðustu árum opnast ný tækifæri í ferðaþjónustunni. „Við gætum tekið hvern einasta stað, hvert sveitarfélag og bent á tækifærin og ný búsetuáform sem hafa orðið til,“ sagði Eskfirðingurinn Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans þegar skýrslan var kynnt á Austurlandi og benti á átján staði á Austurlandi þar sem verið er að byggja upp ferðaþjónustu.

„Við verðum að huga að hlutum sem okkur óraði ekki fyrir að gætu gerst til að taka réttar ákvarðanir.“

- Karl Friðriksson

Í fyrra kom 1,6 milljón ferðamanna til landsins en því er spáð að árið 2030 verði þeir 4,5-5,5 milljónir. Ef miðað er við línulega spá um mannaflspörf miðað við síðustu ár og áætlaða mannaflspörf ferðaþjónustunnar þá verður íbúafjöldi landsins 450 þúsund manns árið 2030. Þar af er gert

råd fyrir að íbúar á Austurlandi verði um 13.000 en þeir eru ríflega 10.000 nú. En þótt tækifæri séu í ferðapjónustunni þá eru líka ógnanir. Varað hefur verið við ágangi ferðamanna á náttúruperlur og forsvarsmenn fyrir tækja í greininni kvarta undan sterku gengi krónunnar og áformum stjórnvalda um að auka skattlagningu á greinina. Eins er hætta á að Ísland detti jafn snögglega úr tísku og það varð vinsælt í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli.

Að vera meðvitund um óvissuna

Það eru þannig ýmsir þættir sem hafa áhrif á búsetuþróunina. Það má nefna auðlindir og aðgengi að þeim, tækniþróun, samgöngur milli staða, fjarskipti, hugarfar heimamanna til síns umhverfis, umhverfismál, dreifing þjónustu og stefnumörkun stjórnvalda í ýmsum málum.

Niðurstaða skýrsluhöfunda var að tveir megindrífkraftar réðu för. Annars vegar aðgerðir stjórnvalda, til dæmis við uppbyggingu vegakerfis, fjarskipta, dreifingu opinberra þjónustu til að ýta undir búsetujafnrétti og aðgerðir til að auka samkeppnishæfni dreifðari byggða. Hinn áhrifaþátturinn er áhersla íbúa á sjálfbærni, hvort þeir byggji á framleiðslu úr heimabyggð eða fjöldaframleiddum aðfluttum vörum og hvort þeir kjósi fjölbreytta nýtingu auðlinda með varðveislu umhverfis í huga eða hráefnisiðnað og stóriðju.

Út frá þessum öflum voru síðan gerðar fjórar sviðsmyndir. Þær eru í raun ekki spár fyrir framtíðina, heldur líkön til að reyna að sjá fyrir hvaða áhrif ákvarðanir dagsins í dag hafa síðar. „Framtíðarfræðin snúast um að vera meðvitund um óvissuna og hvað gæti gerst. Við verðum að huga að hlutum sem okkur óraði ekki fyrir að gætu gerst til að taka réttar ákvarðanir,“ segir Karl Friðriksson, stjórnarformaður Framtíðarsetursins.



Karl Friðriksson frá Djúpavogi, stjórnandi Framtíðarseturs Íslands, lengst til hægri við kynningu á sviðsmyndum Íslands 2030 á Egilsstöðum.

Sviðsmyndirnar fjórar

Ísland ehf.

Áhersla á að efla þéttbýliskjarna.

Vaxandi einkavæðing.

Sterk samfélagsleg vitund íbúa um umhverfismál og nýtingu auðlinda.

- Færri en stærri byggðakjarnar. Sveitarfélögum fækkar verulega.
- Dreifbýlið byggir á nýsköpun og smáiðnaði.
- Samgöngur einkavæddar. Vegapjónusta slæm í dreifbýli en í lagi í þéttbýli.
- Opinber þjónusta þjappast saman. Aukið framboð á stærri stöðum.

Holtasóley

Sterk samfélagsleg vitund íbúa um umhverfismál og nýtingu auðlinda.

Áherslur stjórnvalda snúast um

eflingu innviða og byggðar um land allt.

- Öflugt mannlíf í dreifðum byggðum. Veruleg nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi sem byggir á góðum samgöngum, mannaúdi og tækni.
- Mikil áhersla stjórnvalda og íbúa að halda landinu öllu í byggð. Umfang opinberra aðila er mikið en kostnaðarsamt og stjórnsýslan er dreifð um allt land. Verkefni og opinberar stofnanir hafa verið fluttar frá höfuðborgarsvæðinu til dreifðra byggða. Mikil uppbygging heilbrigðisþjónustu og menntakerfis víðsvegar um landið.
- Sveitarfélög álíka mörg og nú. Verulegur halli á rekstri þeirra og ríkissjóðs. Meira vald út í byggðirnar með þriðja stjórnsýslustiginu. Jafnari dreifing íbúa.



Sviðsmyndirnar fjórar

➤ Smiðjan

Áherslur stjórnvalda snúast um eflingu innviða við og í helstu byggðakjörnum landsins. Notkun auðlinda er út frá hagrænum sjónarmiðum.

- Samgöngur góðar og byggðir upp hálendisvegir sem flýta ferðum milli landshluta.
- Ákveðnir þéttbýliskjarnar einkennast af öflugum atvinnulífi þar sem lögð er áhersla á arðsemi framkvæmda og notkun nálægna auðæfa. Fækkun jaðarbyggða.
- Atvinnustig er hátt. Mikil uppbygging í þéttbýliskjörnum, einkum á höfuðborgarsvæðinu.
- Miklar opinberar fjárfestingar en nýting þeirra er misjöfn.
- Mikil nýting auðlinda, svo sem til raforkuframleiðslu. Umhverfisvitund dvínar.
- Góð þjónusta í stærri þéttbýliskjörnum. Sveitarfélögum fækkar, sum í vandræðum vegna offjárfestinga.

Síðasti bærinn í dalnum

Áherslur íbúa snúast um þéttbýlisþróun.

Áherslur stjórnvalda snúast um eflingu fárra þéttbýliskjarna.

- Margar jaðarbyggðir hafa lagst af og einsleitni er víða í atvinnulífi dreifðra byggða.
- Lítil opinber fjárfesting hefur verið í innviðum að undanskildum stærstu byggðakjörnum. Mjög öflug þjónusta en á mjög fáum stórum stöðum.
- Borgvæðing, fólk flytur í vaxandi mæli til höfuðborgarsvæðisins sem nýtur stærðarinnar, þar ríkir gróska á ýmsum sviðum. Einstaka byggðarlög hafa sveitarfélög reynt að snúa við íbúafækkun með því að laða til sín mannaflsrek fyrirtæki.
- Búseta leggst af á sumum svæðum.



Framtíðarþorpið Djúpivogur

Djúpivogur er vettvangur rannsókna á vegum Framtíðarseturs Íslands þar sem aðferðarfræði framtíðarfræða er notuð við byggðarþróun, líkt og gert var í Íslandi 2030. „Við reynum að bregða upp birtingarmyndum af því hvernig Djúpivogur gæti þróast með hliðsjón af ólíkum kröftum sem svona samfélag fæst við. Það eru ákveðnar áskoranir og tækifæri í ólíkum birtingaformum eða ólíkum framtíðum,“ segir Karl Friðriksson hjá Framtíðarsetrinu. Hann talar um „framtíðir“ því framtíðin getur þróast á margvíslegan hátt. „Við getum penslað út eina framtíð og síðan aðra og enn aðra sem eru gjörólíkar.“

Djúpivogur varð fyrir valinu því staðurinn heillaði forsvarsmenn rannsóknarinnar en fleira skiptir máli. „Þetta er afmarkað samfélag og það hefur sýnt sig að íbúar þarna eru tiltölulega opnir fyrir nýjum hugmyndum og eru meðal annars að innleiða nýja hugsun í sínu aðalskipulagi og hvernig samfélagið byggist upp,“ segir Karl. Þar hefur verið notast við hugmyndafræði Cittaslow sem byggir á hæglætislífstíl. Reynt er að bæta lífsgæði íbúa með að vernda umhverfið og berjast gegn vaxandi einsleitni þorpa víða um heim með að leggja áherslu á sérstöðu hvers og eins.

Notast er við svipaða aðferðafræði og við gerð Íslands 2030, þar sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar á svæðinu eru fengnir að borðinu. Vonast er til að niðurstöðurnar nýtist ekki eingöngu Djúpavogsbúum heldur til stefnumótunar fyrir önnur íslensk sjávarþorp.



Framleiðslustörfin hverfa

Aukin menntun er eina svarið

Rætt við Drífu Snædal, framkvæmdastjóra Starfsgeinasambands Íslands

Stöðugar breytingar eiga sér stað á íslenskum vinnumarkaði líkt og í öðrum vestrænum löndum bæði hvað menntun og hæfni starfsfólks varðar sem og hvers er vænst af því. Þjóðhagsspár gera ráð fyrir að mannshöndin hverfi að mestu af vinnumarkaði innan tuttugu ára.


Drífa Snædal er framkvæmdastjóri Starfsgeinasambands Íslands, landsambands verkafólks á Íslandi, en hún hefur viðtæka þekkingu og reynslu á íslenskum vinnumarkaði og hefur í sínu starfi horft til framtíðar. Hún segir aukna menntun vera eina svarið við þróuninni.

Fimm ár eru síðan Drífa tók við framkvæmdastjórn Starfsgeinasambandsins en hún er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistargráðu í vinnumarkaðsfræði með áherslu á vinnurétt frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Áður var hún formaður Iðnnemasambandsins, stýrði Kvennaathvarfinu og var framkvæmdastýra Vinstri grænna.

„Ég er alin upp í því að maður eigi að taka þátt í verkalýðsbaráttu. Ég hafði nánast bara unnið hjá félagasamtökum áður en ég kom hingað að loknu meistaranámi og finnst engin barátta mikilvægari en kjarabaráttan, eða lífsgæðabaráttan öllu heldur, því þetta snertir svo margt,“ segir Drífa.

Framleiðslustörf hverfa innan 20 ára

Drífa segir að miklar breytingar séu fram undan á vinnumarkaði sem þegar séu hafnar. „Talað er um að innan 20 ára hverfi upp undir 70% framleiðslustarfa meðal iðnvæddra þjóða og talað er um fjórðu iðnbyltinguna. Mannshöndin er að hverfa og vélar og tækniþúnaður að taka yfir, bæði í hefðbundnum framleiðslustörfum eins og til dæmis fiskverkun og að einhverju leyti í þjónustustörfum líka. Það er í rauninni ekkert langt í að við hittum ekki starfsfólk þegar við förum á hótél, innritun verður rafræn og allt meira og minna sjálfvirk. Þó svo að almenn framleiðslustörf og hluti þjónustustarfa muni hverfa held ég að svo verði reyndar ekki um umönnunarstörf.“ Drífa segir að enn vanti þó verkafólk til starfa hérlendis.



Virkar sex tíma vinnudagur?

Borgaryfirvöld í Gautaborg í Svíþjóð eru nýbúin að meta árangurinn af tveggja ára tilraun með sex tíma vinnudag. Niðurstöðurnar eru í grófum dráttum þær að hamingja launafólks jókst en það var ekki ókeypis.

Bloomberg sagði frá rannsókninni í byrjun árs en fylgst var með hópi starfsmanna á öldrunarheimili. Þeir sögðust almennt hamingjusamari, njóta vinnunnar meira og finna síður fyrir stressi. Gallinn var kostnaður borgarinnar, launakostnaður hækkaði um 22% því ráða þurfti nýja starfsmenn til að stytta vinnudag hinna.

Í flestum ríkjum heims er miðað við 40 stunda vinnuviku, í Frakklandi 35 og Svíarnir unnu 30 tíma. Í Bandaríkjunum er meðal vinnuvikan 47 tímar og enn lengri í mörgum löndum Asíu.

Áfram er rætt um kosti vinnuvikunnar og beðið er frekari niðurstaðna úr fleiri tilraunaverkefnum í Svíþjóð. Eins hefur verið bent á að lengri tilraunir þurfi, styttri vinnuvika þýði að þreyta safnist síður upp og launafólk brenni út.

„Atvinnurekendur eru í vandræðum með að fá verkafólk til starfa. Við erum meira og minna búin að mennta okkur inn í aðrar stéttir auk þess að vera að byggja upp vinnuafslfreka grein sem ferðapjónustan er. Svo er það spurningin; erum við að fara að verða þetta mikla ferðapjónustuland til framtíðar? Persónulega hef ég ekki trú á því að ferðamannaiðnaðurinn verði svona stöðugt öflugur til langs tíma. Eftir því sem umhverfismálin verða fyrirferðameiri verður dýrara að fljúga og við munum örugglega sjá skattlagningu á kolefnismengandi ferðamáta í framtíðinni. Í rauninni er ekki mikið farið að ræða þessa fjórðu iðnbyltingu hérlendis en mikið er fjallað um þetta á ráðstefnum erlendis. Í rauninni er lítill tími til stefnu og segja má að byltingin sé handan við hornið. Fyrst voru það gufuafslvélarnar, svo rafmagnið, þá tölvurnar og nú gagnvirka byltingin. Þetta er algjörlega nýr heimur sem mun breyta á með miklum þunga. Nú þegar er hægt að stýra heilu framleiðslufyrirtækjunum hvar sem er í heiminum, sitjandi á hóteli í Dubai.“

Þýðir ekki að berja höfðinu við steininn

Drífa segir að sókn sé besta vörnin. „Það þýðir ekkert að berja höfðinu við stein sem verkalýðshreyfing og ætla að halda í þessi störf, við verðum að horfast í augu við breytt samfélag og þróast með því. Það er forgangsmat að leggja aukna áherslu á menntun okkar fólks þannig að það hafi tæknimenntun til þess að stýra vélunum sem eru að taka yfir verkamannastörfin. Það er mikil umræða um þetta í alþjóðasamstarfinu sem við erum hluti af og niðurstaðan er alltaf sú sama; það þarf að auka menntun fólks til að takast á við flóknari störf. Aukin menntun er eina svarið við þessum breytingum. Það hefur verið talað um mikilvægi þess að efla iðn- og tæknimenntun í áratugi og nú er það

orðið algjörlega nauðsynlegt.“ Sérfræðingar benda á að endurskoða þurfi hvernig kennsla er háttað og leggja mun ríkari áherslu á lausn flókinna verkefna, samskipti og samvinnu en gert er í dag. Kennslustofa í dag líkist ennþá þeirri kennslustofu sem varð til á þeim tíma sem fjöldaframleiðsla varð til – það endurspegladist líka í kennslustofunni. Hópur nemenda að hlusta á einn kennara er hið hefðbundna módel en við munum sjá tæknina nýta mun meira í kennslu. Líklegt er að nemendur geti fljótlegra rannsakað og lært hluti með hjálp sýndarveruleika. Með

Hvað er Starfsgreinasambandið?

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) var stofnað árið 2000 við samruna Verkamannasambands Íslands, Þjónustusambands Íslands, og Landssambands iðnverkafólks. Stofnfélög Starfsgreinasambandsins voru 50 að tölu en í dag eru aðildarfélögin 19 talsins. AFL Starfsgreinafélag er eitt þeirra.

Starfsgreinasambandið er fjölmennasta landssamband verkafólks á Íslandi og stærsta sambandið innan ASÍ, með samtals um 50.000 félagsmenn. Umreiknað í full stöðugildi er þessi fjöldi hins vegar tæplega 30.000.

Meginhlutverk Starfsgreinasambandsins er að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

honum geta nemendur farið aftur í tímann, ofan í sjó, upp í geim og inn í frumur svo eitthvað sé nefnt. Þeir sem hafa gert tilraunir með þetta segja að nemendur læri hraðar með því að upplifa hlutina á þennan hátt í stað þess að lesa um þá í bók.

Deiliahagkerfið ört vaxandi

Drífa nefnir aðra umfangsmikla breytingu sem er að eiga sér stað um allan heim um þessar mundir. „Deiliahagkerfið er ört vaxandi en það verður sífellt algengara að fyrirtæki séu ekki að selja vörur eða þjónustu heldur að miðla hlutum,“ segir Drífa, eins og Airbnb er dæmi um. „Þessi fyrirtæki eru ekki með neina á launaskrá heldur miðla aðeins verktökum og verkkaupum. Með þessu sjáum við sífellt fleiri einstaklinga sem eru einhvers konar verktakar án ráðningarsambands. Þetta er flókið við að eiga, hvernig á verkalýðshreyfingin að koma inn í þetta, á hún að gerast málsvari verktaka? Þetta er eitthvað sem þarf að hugsa vel.“

„Draumsýn mín er sex tíma vinnudagur“

Drífa segist sjálf hafa lagt upp með að breikka áherslurnar innan sambandsins síðan hún hóf þar störf. „Sjálfr er ég mikil talsmanneskja þess að stytta vinnudaginn í samræmi við aukna hagkvæmi og arð. Vinnutíminn hefur ekkert breyst í mjög langan tíma, þrátt fyrir mikla framleiðniaukningu og lífsgæðaaukningu samhliða. Fyrsta skrefið í þá átt er að minnka yfirvinnu. Við þurfum að brjóta



upp þessa hugmynd fólks að það sé betra að vinna mikið og það verður að segjast að það kemur mér á óvart hve lítil áhersla er lögð á þetta. Ég held reyndar að ástæðan sé sú að fólk kaupir ekki að það sé hægt að vinna aðeins í átta tíma og hafa í sig og á – það hefur aldrei verið þannig í verkamannastörfum hérlandis, vaktavinna og yfirvinna hafa verið nauðsyn til að ná endum saman. Þessu þarf að breyta og þá sjáum við vonandi kröfur um styttri vinnutíma og meiri frítíma frá okkar félagsmönnum.“

Drífa segir þróun í rétta átt þegar byrjaða. „Reykjavíkurborg stóð að þróunarverkefni um styttingu vinnudagsins sem tókst mjög vel en þar var miðað við að færa vinnuvikuna niður í 36 tíma úr 40 og gat fólk þá ýmist stytt hvern dag eða til dæmis hætt um hádegi á föstudögum. Ríkið er að fara af stað með svipað verkefni um þessar mundir. Einnig hafa ýmsir atvinnurekendur á almenna vinnumarkaðnum tekið þetta upp og allir hafa sömu sögu að segja, að þetta margborgi sig, að það sama fái út úr starfsmanninum þó svo hann vinni aðeins 36 tíma. Starfsmenn eru ánægðari, vinnusamari og veikindadögum fækkar. Draumsýn mín er sex tíma vinnudagur og mér finnst þess virði að stefna að því. Svo er annað sem þarf að huga að, sérstaklega fyrir fólk sem er ekki í hefðbundnum verkamannastörfum, en það er þessi sífellda tenging og krafa um

að vera í raun alltaf til taks. Við erum öll komin með tölvupóstinn í símann okkar og erum þar af leiðandi alltaf í vinnunni. Þessu verður líka að breyta og það hlýtur að fara að koma að því fólk geri kröfu um næði í sínum frítíma. Fólk á að vera nískt á tímann sinn og stimpla sig út úr vinnunni í dagslok.“


Nauðsynlegt að brjóta upp kynbundna vinnumarkaðinn

Drífa segir að nú sé lag að brjóta upp hinn kynbundna vinnumarkað. „Eins og við öll vitum eru karlmenn í meirihluta í byggingariðnaði og flutningsgreinum og konur í umönnunarstörfum. Þetta virðist ekkert breytast og koma niður á kynbundnum launamun þar sem verðmiðinn á sumum störfum er lægri en á öðrum. Eina leiðin er að rugla í markaðnum og ef vinnumarkaðurinn er að fara að breytast jafn mikið og spár gera ráð fyrir þurfum við að sæta lagi og breyta þessu samhliða.“

Sérfræðingar benda á að mikill vöxtur sé í öllum tæknigreinum og þörf er á fólki í til dæmis greinum sem tengjast upplýsingatækni og verkfræði. Hlutfall kvenna sé því miður ekki stórt í þessum greinum. Yfirleitt er hlutfall kvenna sem stunda tækninám í mesta lagi 25%. Þessu þurfi að breyta, bæði svo að við fáum fleiri í nám af þessu tagi en einnig svo að við fáum meiri fjölbreytni og kvenlega sýn á þau verkefni sem tæknin á að leysa. Við erum þegar farin að sjá að fyrstu vélmennin sem líkjast mannum eru gerð „kvenkyns“ og mjög þjónustulynd.

Hver er Drífa Snædal?

Drífa Snædal hóf störf sem framkvæmdastjóri SGS í september 2012. Drífa er með meistarapróf í vinnurétti frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og auk þess með BS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



Sýndarveruleikanum fleygir fram.
Íslenska fyrirtækið CCP gefur í ár út
sýndarveruleika-íþróttaleikinn Sparc.
Mynd: CCP

Hvernig verður þetta allt saman, þessi tækniframþróun?

Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Munið þið þegar iPhone kom fyrst? Nú eru 10 ár síðan og mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Stór partur ef tæknibreytingunni sem við höfum upplifað síðustu ár er því að þakka að Apple setti upp appstore sem gaf hverjum sem er möguleika á því að búa til ný öpp. Öppin hrönnuðust upp og hér erum við 10 árum síðar, djúpt sokkin í þessi litlu tæki sem við berum með okkur öllum stundum.

Það er kannski ekki furða að við séum svona háð þessum tækjum því í dag getum við pantað okkur mat, bíl og hótél í gegnum þessi litlu tæki, eða jafnvel fundið vinnu eða kærustu/kærasta. Á þessum 10

árum hefur átt sér stað sjálfvirknivæðing og núna erum við að nálgast alveg nýja tæknibyltingu, fjórðu iðnbyltinguna. Núna eru svo ótrúlegir hlutir að gerast. Við erum farin að geta notað tækni eins og internet hlutanna (IoT), sýndarveruleika (VR), viðbótarveruleika (AR), róbótavæðingu, gervigreind, nanótækni o.fl. Þetta er allt tilbúið í dag og fólk og fyrirtæki eru komin á fullt við að búa til þjónustu eða vörur sem byggja á þessu öllu.

Breytingarnar sem við erum að sjá eru hraðar. Við erum að tala um veldisvöxt í tækniframfarir, ekki línulegan vöxt og við verðum að búa okkur undir þessar breytingar og allir þurfa að taka þátt. Opinberar stofnanir, atvinnulífið og einstaklingar.

Það er eiginlega vonlaust að segja hvernig þetta verður en það sem við erum byrjuð að sjá eru:

- sjálfkeyrandi bílar
- róbótar sem hjálpa eldra fólki fram úr á morgnana/þjónusta gamalt fólk á ýmsan hátt
- genasplæsingar (til dæmis er verið að nota genasplæsingar til að lækna MS-sjúkdóminn í músum)
- vélrænt nám (e. machine learning) notað til að finna andlit á myndum/myndböndum og finna niðurstöður í miklu magni lagatexta svo dæmi sé tekin
- mikið magn gagna er notað til að finna sjúkdómsgreiningar fyrir fólk hraðar en áður

- gervifótum er nú hægt að stjórna með huganum (Össur)
- stafræn aðstoð í tækjum eins og Amazon Echo og Google Assistant
- viðbótarveruleiki er nýttur til að aðstoða við viðgerð ýmissa véla og bíla – ásamt því að vera tæknin á bak við leikinn Pokemon Go
- við erum farin að sjá leikjafyrirtækin nýta sýndarveruleika í auknum mæli
- verið er að nota sýndarveruleikann í kennslu í auknum mæli (farið aftur í tímann, ofan í sjó, upp í geim og inn í frumur með aðstoð hans) og til eru sýndarveruleikaforrit sem aðstoða fólk við að læknast af lofthræðslu svo dæmi séu nefnd
- deilihagkerfið er komið á fullt og fyrirtæki hafa orðið til sem hafa umbreytt (disrupt) hefðbundnum viðskiptamódelum og einfaldað ýmsa þjónustu í leiðinni, svo sem Airbnb. Við munum sjá svona umbyltingu á mörgum fleirum sviðum eins og t.d. í heilbrigðisþjónustu

Nær þetta til fleiri greina en þeirra starfa sem talað er um?

Það er talað um að við vitum ekki hver 65% af störfum barnanna okkar verði, þannig að þau hefðbundnu störf sem eru til í dag munu mörg hver breytast töluvert eða hverfa en önnur koma í staðinn. Það er ljóst að við þurfum að endurskoða menntakerfið okkar til að bregðast við og að mínu mati er það mikilvægt að leggja áherslu á að kenna krökkum og fullorðnum:

- að leysa flókin verkefni
- samvinnu
- samskipti
- listir og skapandi hugsun

Forritun er líka tungumál sem við ættum að kenna öllum alveg niður í grunnskóla. Löndin í kringum okkur eru komin á fullt



Össur er farinn að framleiða gervifætur sem stjórna má með hugaraflinu.

við að kenna grunnskólakrökkum forritun og í Finnlandi hafa þeir gert gríðarlegar breytingar á skólakerfinu til að bregðast við þessum breytingum.

Hvað ættum við að gera hérlandis?

Tækifærin liggja í tækni og hugviti ef við ætlum að vera þátttakendur í fjórðu iðnbyltingunni. Við á Íslandi erum sterk á sérsviðum. Orkutengdar greinar, sjávarútvegur, leikjaidnaðurinn og heilbrigðistækni koma upp í hugann. En við verðum að horfa fram í tímann og huga að innviðunum.

Nýsköpun er lykilorðið. Getum við gert

eins og Svíarnir og ákveðið að verða nýsköpunarland? Ef svo er, þá þurfum við virkilega að skoða hvaða fjármuni við erum að setja í vísinda- og frumkvöðlastarf.

Við erum vön að treysta á þrjár stoðir: orkuna, sjávarútveg og nú ferðaþjónustuna og allar þessar stoðir eru háðar náttúru- auðlindum. En við þurfum að fara að horfa á tækni og hugvit sem stoð (fjórðu stoðina). Og þessi fjórða stoð mun svo að sjálfsögðu vinna þvert á allar atvinnugreinar, í henni felast hálaunastörf og verðmætaaukning sem er án takmarkana.

Við þurfum því að gera nýsköpunarumhverfi okkar eins gott og hægt er og fara að tala um okkur út á við sem Nýsköpunarland.



Hver er Ragnheiður H. Magnúsdóttir?

Ragnheiður er viðskiptastjóri hjá Marel og situr í vísinda- og tækniráði sem hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ragnheiður hefur sérstaklega lagt sig eftir nýsköpun og að efla stöðu kvenna í tæknigreinum.



Robear, vélmennið sem lyftir þér upp. Mynd: Riken

Hvað er framundan í umönnunarstörfum? Sér róbótinn um ömmu?

Bangsi sem lyftir þér upp úr rúminu, nemar sem læra hvernig þú hegðar þér og vélhundur sem spyr hvort allt sé í lagi ef þú dettur.


Tvö ár eru síðan Riken rannsóknastöðin í Japan, sem er ein sú fremsta í heiminum á sviði hvers konar tækni, kynnti til sögunnar róbótangangsann. Hann getur lyft sjúklingi upp úr rúmi og komið honum í hjólastól eða hjálpað þeim sem þurfa aðstoð við að standa upp. Í þessi verk þarf fleiri en einn starfsmann í dag og þau reyna á líkamlega. Fjórum árum fyrr kynnti Riken vélmenni sem gat beygt sig niður og lyft þungum hlutum. Munurinn er sá að það vó 230 kíló en björninn aðeins 140. Til að geta unnið verkin þarf vélmennið ekki eingöngu að hafa styrk heldur einnig mjúkar hreyfingar og geta skynjað líðan sjúklingsins. Japönsk

sjúkrahús eru þegar byrjuð að gera tilraunir með vélmenni. Meðal stórfyrirtækja sem þróað hafa umönnunarvélmanni er Toyota. En fleiri reyna sig áfram með umönnunarvélmanninum heldur en Japanir. Sett hafa verið á fót alþjóðleg þróunarteymi enda vex þörfin meðal þjóða sem eru að eldast. Og tækninni fleygir fram.

Hver ræður húsinu?

Vel þekkt markmið í heilbrigðisþjónustu, meðal annars hérlandis, er að gera öldruðum kleift að búa lengur heima hjá sér. Það er meðal annars hægt með að setja skynjara út um allt og í allt í húsinu þínu. Það er skynjari sem nemur ef þú dettur, það eru skynjarar sem vita hvenær þú ert að búa til morgunmat og geta sent vélmenni þér til aðstoðar. Heilsuúr nema hjartsláttinn og ef þörf er á neyðaraðstoð vita bráðaliðarnir hver staðan er þegar þeir koma á vettvang sem sparar tíma. Vélmennin geta talað við þig ef þú ert í vandræðum, minnt þig á að taka lyfin þín og hjálpað þér með nöfn ættingja sem gleymast. Það eru forrit sem læra þína daglegu rútínu og láta vita ef hún verður óeðlileg. Það eru líka vélmenni sem geta hjálpað þér að drepa tímann, vélhundar til að hugsa um og aðrir sem geta spilað við þig rommý.

Allir þessir möguleikar vekja hins vegar upp siðferðilegar spurningar, hversu mikið á eftirlitið að vera? Ræður notandinn eða ættingjarnir í gegnum vélmennið? Við höfum líka þörf fyrir hlýtt umhverfi og mannlega nánd, hvernig leysum við það? Vísindamenn leita svara við þessum spurningum og hafa meðal annars byggt sérstök heimili sem minna fólk á gamla tíma en eru aðgengileg fyrir vélmennin. Þeir leggja líka áherslu á að vélmennin vinni við hlið mannfólksins.



Hvað gerist í sjávarútvegi?

Verkstjórinn þarf að vera af Playstation-kynslóðinni

Í frystihúsi Kaupfélags Héraðsbúa á Reyðarfirði veturinn 1996-1997. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Anna Ingólfssdóttir

Störfum í fiskvinnslu hefur fækkað um helming frá árinu 1990 en segja má að stökkbreyting hafi orðið í kringum aldamótin þegar ný tækni tók að ryðja sér til rúms. Á sama tíma hefur framleiðnin margfaldast. Láglaunastörfum sem krefjast lítillar menntunar fækkar hraðast en til verða ný störf sem krefjast tæknimenntunar.

„Sjávarútveginum má skipta í uppsjávargrein og bolfiskgrein. Það má segja að tæknivæðingin sé lengra komin í uppsjávargreininni,“ segir Sigurður Steinn Einarsson, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar. Uppsjárveiðar hafa verið undirstaða fyrirtækisins og eru 15 ár síðan landvinnslan varð sjálfvirk. Nýtt uppsjárfrystihús Eskju, sem gangsett var fyrir jóli, er talið það tæknilega fullkomnasta á Norðurlöndum. „Það má segja að húsin í dag séu byggð yfir vinnsluna, allur vinnslubúnaður ræður ferðinni en ekki húsin sjálf,“ bendir Sigurður á. Bolfiskvinnslan hefur setið eftir en er núna að taka við sér. „Það sem er lýsandi fyrir bolfiskinn er að við vorum að skoða

vinnsluleiðbeiningar frá árinu 1988 um daginn og þær áttu jafn vel við í dag. Þar er uppsöfnuð tækniþróunarþörf,“ segir Sigurður Steinn.

Hún er að brjótast fram og það hratt. Ný bolfiskvinnsla HB Granda á Vopnafirði er búin nýjustu tækni og í frystihúsi Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði hafa orðið miklar breytingar. Þar hafa afköstin tvöfaldast með sama starfsfólki.

Flaggskipið er hins vegar nýtt vinnsluhús Útgerðarfélags Akureyringar sem tekið var í notkun í nóvember 2015. Ekki er nóg með að vinnslan sé sjálfvirk, þar eru þjarkar sem raða á bretti. Hugmyndir um húsið voru lengi að gerjast en þegar ákvörðun lá fyrir gekk verkið jafnhratt og á Eskfirði, átta mánuði tók að setja upp hvort hús.

Vakta þarf vélarnar

Stefin eru öll í sömu tóntegund. Afköstin eru meiri á hvern starfsmann með hjálp vélanna. Líkamlega erfiðu störfunum er útrýmt. „Það að slá úr frystitækjunum rústaði mörgum böfum. Nú

er þetta bara í vélum. Starf við snyrtingu er starf sem reynir á axlir, bak og hendur. Nú eru komnar skurðarvélar sem einfaldar snyrtinguna. Manneskjurnar við vélna þurfa bara að snyrta til það sem vélinni yfirsést en allt að fjórfaldar um leið afköstin.“

Störfun við vélnar eru orðin sérhæfðari og fela í sér að passa upp á að vélin vinni rétt. „Ef vélnar vinna vitlaust þá getur það valdið miklum skaða eða hægt á allri framleiðslunni. Ef einn fiskur kemur vitlaust inn á flökunarvél gæti vélin flakað hundruði fiska vitlaust án þess að fatta það, við erum ekki enn komin alla leið í gervigreindinni. Þess vegna þarftu manneskjur við hverja vél sem hefur þekkingu á vélbúnaðinum.“

Starf verkstjórans breytist líka. „Í dag kennir þú vélinni með því að búa til skurðarmynstrið í tölvu einnig lærir hún hvornig best má nýta flakið og sker hún þá t.d. flakið mismunandi eftir stærð eða gæðum. Í svona vinnslu er verkstjórinn eiginlega orðinn forritari. Við segjum að þeir þurfi helst að vera af Playstation-kynslóðinni.“

Samþjöppun með afkastameiri vinnslum

Breytt störf í sjávarútveginum þrýsta líka á um samfélagsbreytingar í sjávarþorpum. „Þegar þú fjárfestir í tæknivæðingu ertu bundinn af að hafa aðgang að hámenntuðu fólki svo sem tæknifræðingum, rafvirkjum og hinu ýmsu iðnaðarmönnum. Tæknivæðingin getur reynst fámennari samfélögum erfið, það er ekki hægt að ganga að þessari þekkingu sem vísri í hverju þorpi þannig að það getur þurft að flytja inn fólk sem hefur þekkinguna. Á sama tíma verða til aukin tækifæri fyrir fólk með þannig menntun.“

Störfun með lægstu launin og minnstu menntunina detta út en önnur hafa komið í staðinn. „Ef við gefum okkur að út detti



Síldarvinnsla í fiskiðjuverki KASK árið 1990. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Austri

tvö láglounastörf er í staðinn ráðinn starfsmaður með menntun í tæknigreinum sem hefur ein og hálf verkamannalaun. Verðmæti afurðanna og framleiðni eykst og um leið er hægt að hækka launin.“

Tæknibreytingarnar gætu leitt til frekari samþjöppunar í bolfiskvinnslu. „Ég tel að skurðavélar verði komnar í mörg frystihús á næstu 10 árum. Ef við gefum okkur að skurðarvélnar vinni í 8 tíma á dag alla daga ársins þurfa þær rúmlega 5.000 tonn af hráefni á ári og einhvers staðar frá verður sá fiskur að koma. Þetta þýðir að vinnslunum mun fækka en þær sem lifa af verða öflugri og störfun margfalt betri.“

Mannlaus lest

Tæknivæðingin hefur ekki bara áhrif á landvinnsluna heldur einnig á veiðarnar. Austfirðingum ættu að vera þær breytingar vel kunnugar enda verið tekið á móti nýju skipi á nánast á hverju ári síðustu ár. Skipin hafa stækkað og geta borið meira í hverri ferð. Það sparar dýrmætan tíma í ferðir af

miðunum í land og aftur til baka. Næst kemur tæknivæðing í ísfisktogurum eins og nýir togarar HG Granda eru dæmi um. „Lestin er mannlaus. Mennirnir bara gera að fiskinum og setja hann á færiband og koma svo varla nærri.“ Eftir því sem næst verður komist stendur ekki til að fækka í áhöfnum hjá Granda, afköstin á hverjum degi aukast hins vegar og skipin verða þar með færri daga á sjó eða sækja mun meira hráefni en áður.

Þar sem þekking og hráefni fara saman verður til eitthvað nýtt

Þá er ótalin nýsköpun sem verður í tengslum við sjávarútvegin og byggir ýmist á þekkingu eða tækninýjungum. Lýsi er oft nefnt sem fyrsta nýsköpunarfyrirtækið í íslenskum sjávarútvegi. Fleiri fyrirtæki sem gera verðmæti úr afurðum sem áður var ekki litið við hafa sprottið upp á síðustu árum. „Það eru að verða til verðmæti úr



840 ný störf?

Áform eru um stóraukið fiskeldi á Austfjörðum. Um fjörutíu ár eru síðan fyrst voru gerðar skammlífar tilraunir með fiskeldi á Íslandi sem var á Fáskrúðsfirði. Framleiðslan á landsvísi í fyrra var 20 þúsund tonn en gert er ráð fyrir 30.000 tonnum í ár. Á Austfjörðum liggja fyrir umsóknir um fiskeldi upp á 70.000 tonn og áform eru um 24 þúsund tonn í viðbót.

Í tillögum að matsáætlun vegna eldis sem Fiskeldi Austfjarða sendi inn í fyrrahaust er gert ráð fyrir að 8 starfsmenn þurfi í eldi og fjóra starfsmenn í vinnslu og þökkun fyrir hver 1000 tonn. Það þýðir 560 störf við eldið og 280 í vinnslunni miðað við þær umsóknir liggja fyrir. Alls eru þetta 840 störf. Til samanburðar má nefna að Alcoa Fjarðaál er stærsta iðnfyrirtæki landsins með um 530 starfsmenn.

Störf við eldið eru staðbundin en búist er við að vinnslurnar verði á völdum stöðum, til dæmis er gengið út frá að fiskur fyrirtækisins verði unnin á Djúpavogi hjá Búlandstindi. Þá eru ótalin störf við stjórnun eða seyðaeldið, sem í dag eru utan fjórðungs, sem og afleidd störf sem gætu orðið innan fjórðungs.

rækjuskel og fiskroði sem áður þurfti að eyða peningum í að farga. Þar sem hráefni og menntun eða þekking eru til staðar myndast oft tækifæri til að skapa eitthvað nýtt. Það er að minnsta kosti til staðar mikið hráefni á Austfjörðum og kannski með ferskara hráefni skapast tækifæri til að búa til aukin verðmæti með frekari áframvinnslu.“

Til þessa hefur nýsköpunin einkum verið bundin við suðvesturhornið en líftækniyrirtæki hafa skotið upp kollinum á Siglufirði, Ísafirði og víðar. Það hefur staðið á þeim á Austfjörðum en lýsisfyrirtækið Margildi hefur skoðað að setja sig niður í fjórðungnum. Sigurður Steinn segir tækifæri geta verið í mjöli og lýsi. „Mjöl og lýsi eru nánast enn selt eins og þegar við byrjuðum að bræða á fyrri hluta 20. aldar og það ætti að vera hægt að auka verðmæti þeirra afurða.“

Með tilkomu skurðavéla aukast framleiðslumöguleikar á nýjum afurðum sem fylgja líka ný störf. „Þegar liggur fyrir hvað hægt er að framleiða þurfa markaðsmennirnir að fara að vinna. Fleiri framleiðslumöguleikar þýða fleiri störf í sölumennsku.“

Íslenskar uppfinningar til útflutnings


Nýsköpunin felst ekki bara í afurðunum. Tækniþróunin í greininni snýst mikið um íslenskt hugvit. Vélarnar eru keyptar frá fyrirtækjum eins og Marel, Skaganum 3X, Völku, Curio og Vélfagi. „Ég var nýverið á sjávarútvegssýningunni í Boston og það var gaman að sjá að þessi íslensku félög með mikið markaðsstarf, t.d. var Marel með einn stærsta básinn í húsinu. Þegar vélarnar eru farnar að virka í íslenskum frystihúsum eru þær orðnar að útflutningsvöru.“

Eins má minnst á hugbúnaðarfyrirtæki líkt og íslenska Trackwell sem framleiðir eftirlitsbúnað jafnt í rútur sem fiskiskip. „Á heimasíðunni okkar sérðu hvar skipin okkar eru og nú getum við t.d. séð hvað Barðinn var að hífa mikið fyrir fimm tímum síðar, það sparar mörg símtöl.“

Þarna er komin rafræn afladagbók. Trackwell er dæmi um félag sem þróar sig áfram með íslenskum sjávarútvegi og er nú byrjað að seljast út um allan heim og er fyrirtækið meðal annars með starfsmann í Neskaupstað.“

„Við munum koma með nýjungar í fiskiðnaði sem munu minnka mannafla- þörf í vinnslu um 40% á næstu árum.“

Tilvitnun í samtal við forstöðu- mann vélaframleiðenda fyrir matvælaíðnaðinn í Ísland 2030.



Miklar breytingar hafa orðið í landbúnaði á síðustu áratugum.
Hér er verið að hirða hey á Brimnesi í Fáskrúðsfirði árið 1973.
Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Búnaðarsamband Austurlands.



Hvað gerist í landbúnaði? **Nákvæmnisbúskapurinn er næstur**

Það að afl dráttarvéla sé mælt í hestöflum er lýsandi fyrir þá tækniþróun sem orðið hefur í landbúnaði. Nýjar vélar frá Massey Ferguson eru til dæmis 200 hestöfl, með afl á við 200 hesta. Vélvæðing í landbúnaði var hluti af iðnbyltingunni og næsta kynslóð tæknivæðingarinnar er að birtast okkur en hún skapar líka ný störf.

„Nákvæmnisbúskapur er það sem við tökum upp næst. Hann er að einhverju leyti byrjaður, við t.d. vitum hvað

kýrnar mjólka á hverjum degi og hve oft þær eru mjólkaðar, en við erum enn að geta okkur til um hvað við fáum af grasi af hverjum hektara. Allt utanumhald verður nákvæmara og þetta verður ekki lengur bara í fingrunum á bóndanum,“ segir Sigtryggur Veigar Herbertsson, ábyrgðarmaður í bútækni hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Þegar heimsótt er heimasíða téðs Massey Ferguson er þar áberandi flipi með yfirskriftinni „nákvæmnisbúskapur“ (e. precision farming). Hann felur í sér tæki til gagnasöfnunar, til að halda utan um gögn og þjónustu við að lesa úr gögnum og nýta þau sem best. „Það verður haldið betur utan

um dýru útgjaldaliðina á hverju búi, eins og tildæmis áburð“ segir Sigtryggur.

Dráttarvélnar keyra sjálfar

GPS tæknin er fánæg í flestar dráttarvélar og þær eru jafnvel farnar að keyra sjálfar um túnin. „Þú þarft kannski bara að keyra fyrsta hringinn, svo tekur hún við. Við höfum nú þegar nokkra áburðardreifara sem dreifa sjálfir og fyrstu sjálfkeyrandi dráttarvélar eru einnig byrjaðar að koma til landsins“ bendir Sigtryggur á. Tæknin er nú þegar til staðar fyrir rúlluvélar og áburðardreifara sem skila til

stjórnandans jafn óðum hvað er að gerast, staðsetningu, hve mikill áburður fer út og hve langt dreifarinn kastar. Rúlluvélarnar sýna rakastig heysins og fram eru komnar örflögur í baggana sem geyma ítarlegar upplýsingar um þá. Eins er verið að gera tilraunir með örflögur í kindamerkjum. Nýju tækin kosta sitt og það þarf þekkingu til að kunna á þau. Verktaka hefur verið að ryðja sér til rúms í íslenskum landbúnaði, menn hafa komið sér upp öflugum tækjum og fara á milli býla, til dæmis í heyskap. Sigtryggur spáir því að sú þróun haldi áfram. „Ég held að við sjáum bændur verða verktaka hver fyrir annan, sérhæfa sig í ákveðinni þekkingu. Við höfum dæmi um verktaka í Eyjafirði sem sérhæfir sig í að plægja. Hann plægir mörg hundruð hektara á ári og verður mjög góður í því. Sá sem plægir sjálfur plægir kannski tíu hektara en hann nær ekki sömu færni.“

Enn lifandi dýr

Starf bóndans hefur breyst á þann veg að ríkarí kröfur eru gerðar um að haldið sé utan um gögn og hægt sé að rekja þau aftur á bak. Þannig verður bóndinn á vissan hátt að skrifstofumanni. Á sama tíma fjölga tækjunum í gripahúsum. Handmjaltir eru löngu horfnar en í þeirra stað komnir mjaltaróbótar. Á Hjartarstöðum í Hjaltastaðabínghá er eitt fullkomnasta sjálfgjafartæki landsins og Sigtryggur á von á fleiri slíkum. Við bætast síðan flórsköfuvélmenni og vélar sem þrifa básana fyrir kýrnar eru varla langt undan. En alltaf verður pláss fyrir vinnandi hendur í landbúnaðinum. „Þetta eru enn lifandi dýr. Vinnan er orðin öðruvísi en þetta er vinna engu að síður.“ Ný störf verða til í landbúnaði við að þjónusta tæknina. „Þú kaupir ekki róbóta eins og brauðrist og átt hana. Það er samningur við söluaðilann við að koma reglulega í heimsókn til að þjónusta tækið.“

Þrjú störf sem hurfu

Símamær

Þar til að sjálfvirkar símstöðvar leystu þær af hólmi léku símastúlkur eða símameyjar, eins og þær kölluðust, lykilllutverk í rekstri símkerfisins um land allt. Starfið var nær alfarið, kvennastarf eins og starfsheitin gefa til kynna og fólst í því að taka við símtalsbeiðnum í símstöð og tengja við viðkomandi símanúmer. Fyrstu sjálfvirku símstöðvarnar voru teknar í gagnið í Reykjavík og Hafnarfirði árið 1932. Þróunin hélt svo áfram og árið 1976 voru allir þéttbýlisstaðir komnir með sjálfvirkana síma.



Símameyjar á Seyðisfirði. F.v. Sigurveig Guttormsdóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir, Hulla - Ragnhildur Guðmundsdóttir, Gústa - Ágústa Sveinsdóttir Forberg, Brynhildur Haraldsdóttir og Ída Stefánsdóttir. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands

Beykir

Beykir er handverksmaður sem býr til og gerir við tunnur og önnur ávöl ílát sem gerð eru úr tré. Erlendra beykja á Íslandi er fyrst getið á 17. öld, þeir munu flestir hafa verið danskir en Íslendingar fóru fljótlega að læra iðnina. Beykjastéttin var líklega stærst um 1930 en þá voru samkvæmt manntali 117 sjálfstæðir beykjar, sveinar og nemar í iðninni. Þegar ílát úr öðrum efnum fóru að ryðja tréílatum úr vegi hvarf þörfin fyrir sérþekkingu beykjanna. Beykisiðin var felld úr löggjöf sem löggilt iðngrein árið 1999.



Hjá Sæbergi á Eskifirði voru um tíma framleiddar síldartunnur úr tré. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands

Snjóbílastjóri

Ekki er langt um liðið frá því að fjallvegir voru að jafnaði lokaðir yfir vetrartímamann. Til að leysa úr þeirri samgönguhindrun var boðið upp á áætunarferðir á snjóbílum yfir fjallvegi á borð við Fjarðarheiði og Oddsskarð. Var þá gjarnan ekið með mjólk og aðrar nauðsynjar auk þess sem farþegar voru fluttir. Með bættum samgöngum og framförum í snjómokstri féllu þessar föstu ferðir snjóbíllanna niður. Þó að snjóbílar séu enn til og nýttist meðal annars við björgunarstörf og í ferðaþjónustu þá er tími snjóbílastjóra, eins og menn þekktu starfið á sínum tíma, liðinn.



Sveinn Sigurbjarnarson í áætunarferð yfir Oddsskarð á snjóbílum Tanna árið 1974. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands




Hvað gerist í landbúnaði? Störfum fækkar um helming á þrjátíu ára fresti

Störfum í landbúnaði hefur fækkað úr 6.500 snemma á tíunda áratugnum í 3.200 í fyrra. Landbúnaðarhagfræðingur segir ekkert útlit fyrir að það breytist í bráð. Búum mun áfram fækka og þau stækka.

„Við höfum séð að þessi stétt helmingast á tæplega 30 ára fresti. Samdrátturinn er nokkuð samfelldur. Eftirspurnin breytist ekki mikið en tæknin er alltaf að batna,“ segir Daði Már Kristófersson, landbúnaðarhagfræðingur og forseti félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Daði Már útskrifaðist með gráðu í búvísindum frá Landbúnaðarháskólanum

á Hvanneyri árið 1997. Hann bendir á að miklar breytingar hafi orðið í landbúnaðinum á þeim tuttugu árum sem síðan eru liðin. „Það hafa heilu fögin horfið. Heyþurrkun heyrir sögunni til. Eg held að þróunin haldi áfram með rúllubaggana og votheysstæðurnar sem eru komnar í dag.“ Staðan er örlítið mismunandi milli greina en



almennt fækkar búum og þau stækka, einkum í kúabúskap. „Ég sé ekkert sem bendir til þess að það sé einu sinni að hægja á þeirri þróun.“ Í sauðfjárræktinni hafi þróunin orðið sú að þeim fækki sem hafi hana að aðalstarfi. Í svína- og kjúklingarækt hafi búin orðið færri og færri. Daði bendir enn fremur á merkilega þróun í grænmetisrækt. „Framleiðslan hefur aukist á sama tíma og fólkinu hefur fækkað. Þótt eftirspurnin myndi aukast þá er ekki útlit fyrir að störfunum fjölgi. Í landbúnaðinum hefur hver tæknibreytingin tekið við af annarri, það tekur bara tíma að innleiða hana.“

Tveir jókerar

Daði Már setur tvo fyrirvara við að þróunin sem verið hefur haldi áfram óbreytt. „Ef tollar verða lækkaðir fækkar mjög hratt í greininni. Hitt er að það opnast tækifæri til útflutnings og ég sé ekki beint að menn séu að fókusa á þau tækifæri né að þau séu í augsýn. Matvælavæðing í heiminum hefur vissulega verið hægt og bitandi á uppleið frá aldamótum og eftir hrun opnuðust útflutningsmarkaðir fyrir ýmsar íslenskar afurðir sem höfðu verið lokaðir. Þeir hafa síðan lokast smám saman aftur eftir að krónan styrktist. Það þarf hins vegar að fara marga áratugi aftur í tímenn til að finna slík tækifæri opnast þannig það er hugsanlegt að við eigum möguleika.“

Aðspurður segist Daði Már hafa mesta trú á að lífræn framleiðsla fari á innlendan markað. Tækifæri ættu að vera í ferðamannastraumnum til landsins. „Við virðumst að verulegu leyti fæða þá á innfluttum kjúklingi.“

Þá bendir hann á heimaframleiðslu í sauðfjárræktinni. „Það felast í henni tækifæri ef regluverkið er ekki of íþyngjandi. Eg hef verið verið því fylgjandi að reglur um heimaframleiðslu verði einfaldaðar, að minnsta kosti þannig að menn komist af stað. Til að fá sérstöðu þína viðurkennda er ekki hægt að senda afurðirnar í sláturhúsin þar sem þeim er blandað saman við allt annað.“



„Mannfólkið er í keppni við vélarnar og er víða að tapa“

Einn helsti hugsuður Bandaríkjanna á sviði stafrænnar tækni og þeirra áhrifa sem hún kann að hafa á vinnumarkaðinn í framtíðinni er af íslenskum ættum. Erik Brynjólfsson er forstöðumaður stofnunar hjá MIT, einum virtasta háskóla Bandaríkjanna, sem veltir fyrir sér hagrænum áhrifum hinnar stafrænu tækni. Erik er hálfur Íslendingur, sonur Ara Brynjólfssonar frá Akureyri sem nam kjarnorkufræði í Danmörku, þar sem Erik fæddist áður en hann hélt vestur um haf og starfaði hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði fæðurannsókna.

Hverjar verða félagslegu afleiðingarnar?

Kenningar hans um vélaöldina hina síðari og kapphlaupið við vélmennin ganga í grófum dráttum út á að tæknibylting sé handan við hornið. Vélarnar geti nú ýmislegt eins og að hlusta á okkur, vinna úr upplýsingunum og svara, sem þær gátu ekki fyrir nokkrum árum. Á næstu tveimur árum muni reiknigeta tölva verða meiri en samanlagt áður í sögunni. Aukningin verði síðan 40.000 föld á næstu 24 árum.

Þetta hefur ýmis áhrif. Í fyrsta lagi hverfur fjöldi starfa en um leið geti orðið til frítími sem við gætum varið í áhugamál okkar. Eftir verði störf sem krefjast sköpunar og félagslegrar færni sem tölvurnar

nái ekki. Efnahagslegu áhrifin eru meiri framleiðni með færri starfsmenn. Áhrifin verða mest á þá minnst menntuðu en þau ná einnig til millistéttarinnar, kaupmáttur hennar er staðnaður. Erfitt er að streitast á móti þróuninni, besta lausnin sé að vinna með tölvunum.

Séu þjóðarleiðtogar ekki á varðbergi geti komist upp margvísleg félagsleg vandamál. Bestu forvörnin er að efla menntakerfið með áherslu á forvitni og sköpun. Þá sé nauðsynlegt að skoða ýmsa efnahagslega mælikvarða upp á nýtt. Verg þjóðarframleiðsla og hagvöxtur gefi ekki rétta mynd af því sem er að gerast því hagkerfið verði drifið áfram af vélmennum. Við skulum líta aðeins nánar á hvað Erik hefur að segja um framtíðina.

„Hvernig getur starfsmaður keppt við hugbúnað sem kostar \$39 dollara? Hann getur það ekki.“

„Það sem ég hef mestar áhyggjur af er að við þróum ekki hæfni okkar, stofnanir okkar eða skipulag nógu hratt til að halda í við breytta tækni og það leiði annað hvort til andstöðu við tæknina eða efnahagsleg vandamál þar sem margt fólk sitji eftir. Því miður eru engin efnahagslögmál sem segja að allir hagnist af tækniframþróun, jafnvel þótt hún stækki kökuna.“

„Fyrir tíu árum var ég að kenna og sagði nemendum mínum að það væri sumt sem tölvur gætu ekki gert vel og ég tók akstur bifreiða sem dæmi.“

„Tæknin er ekki örlög. Við mótum örlög okkar.“

„Tæknin hefur alltaf bæði skapað og tortímt störfum. Það sem gerist nú er að nýju störfin verða ekki til jafn hratt og þau eldri hverfa. Það er engin trygging fyrir að fólk rati á þessi nýju störf.“

„Vélar eru ekki fullkomnar eða jafnvel færar á sumum sviðum. Með að vinna með vélunum getum við gert meira en vélnar eða mannfólkið gætu sitt í hvoru lagi.“

„Það eru margvísleg öfl sem stuðla að ójafnrétti. Við höfum hnattvæðingu, breytingar í stofnunum, breytingar í menningu en ég held að flestir hagfræðingar séu sammála um að stærsta orsök in sé tæknipróun.“

„Við gætum gert mun meira í að þróa menntun. Við gætum gert mun meira í að styrkja frumkvöðlafærni. Við gætum gert mun meira í að breyta skattkerfinu til að hvetja fólk til að skapa fleiri störf.“

„Stór hluti 20. aldarinnar fór í að kenna skólabörnum að sitja þögul í röðum af borðum og fylgja leiðbeiningum eins vel og þau gætu. Það er ekki sú menntun sem við þurfum til að taka framförum.“

„Playstation 4 hefur nærri tvöfalt meiri reiknigetu en 55 milljóna dollara ofurtólva árið 1996 sem tók heilan tennisvöll og kostar 100.000 sinnum minna. Til samanburðar þá tók það 70 ár fyrir gufuvélina að tvöfaldast í afköstum.“

„Verg þjóðarframleiðsla mælir ekki hversu mikið virði er framleitt fyrir neytendur. Það ættu allir að gera sér grein fyrir að hún er ekki mælikvarði á velferð.“

„Mér finnst við þurfa að breyta umræðunni - til að skilja hvaða áhrif þessi tæknipróun hefur á samfélag okkar og hagkerfi - og til að sjá hvað við getum gert til að niðurstaðan verði okkur öllum í hag.“

„Flest framleiðslustörf verða aldrei til aftur. Eftir 50 ár verða mjög fá störf sem tölvurnar geta ekki unnið“

„Hugmyndin um „náttúruleg“ efnahagsöfl er röng. Markaðurinn treystir á fjölda formlega og óformlegra áhrifaþátta, hefða, laga, framkvæmd og ákvarðanir milljóna manna.“

„Við verðum að endurhugsa skatt- og velferðarkerfi okkar þannig að allir í samfélaginu geti hagnast, ekki bara fáir.“

„Störfin sem þarf að harka í án þess að vera viss um hvort nógu margir viðskiptavinir verði til staðar í næstu mánuði eru að verða algengari.“

„Þegar fjöldi fólks horfir upp á lífsgæðum sínum hraka þótt kakan stækki í sífellu þá ógnar það því sem heldur samfélaginu saman.“

„Það sem drífur framþróun heimsins er þekking okkar, það sem hamlar henni er skortur okkar á hugmyndaflugi.“



Hver er Erik Brynjolfsson?

Erik er einn virtasti fræðimaður heims á sínu sviði. Eftir hann liggur fjöldi fræðigreina sem og greina í tímarit eins og Foreign Affairs, hann hefur verið fenginn til að tala við þjóðarleiðtoga og leitt vísindanefndir sem greina stefnur og strauma á bandarískum vinnumarkaði.

Bækur hans Race against the Machine og The Second Machine Age hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. Sú nýjasta Machine, Platform, Crowd: Harnessing the Digital Revolution er væntanleg í lok júní.



Hvernig hefur þú nýtt þér þjónustu AFLs?



Lars Guðmundur Hallsteinsson

– rípulagningamaður hjá Ágústi Bogasyni á Egilsstöðum, Fáskrúðsfirði

„Íbúðir AFLs á Akureyri og í Reykjavík hafa nýst okkur vel í sambandi við læknisheimsóknir.

Einnig höfum við leigt sumarhústaði gegnum félagið og verið sátt en það er mjög gott að geta nýtt sér þessa þjónustu.“



Til góðra verka

í 10 ár!

Þrjú störf sem eru að hverfa

Bílstjórar

Starfið er ekki nema um 100 ára gamalt hérlendis enda ekki lengra síðan fyrstu bílarnir komu til landsins. Samkvæmt tölum Hagstofunnar unnu tæplega 13 þúsund Íslendingar í flutningageiranum á síðasta ári. Með aukinni sjálfvirkni er ljóst að mörg þeirra starfa eru í hættu. Vélarnar geta raðað í vörugemymslur, flutt til innan þeirra og meira að segja keyrt hluti milli staða. Þá er því spáð að leigubílstjórar deyi út á næstu árum. Þú pantar þér bíl í gegnum símann, skilgreinir hvar þú vilt taka hann og hvert þú vilt fara.



Myndin er frá 1987 og á henni er Guðmundur Steingrímsson í rútunni að bíða eftir farþegum. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Austri.

Almenn skrifstofustörf

Tölvurnar hafa þegar yfirtekið og létt lífið á skrifstofunni. Fyrsta skrefið var að slá upplýsingarnar inn í tölvuna en nú eru komin kerfi sem upplýsingar eru lesnar sjálfkrafa inn í. Ekki þarf lengur að eyða löngum tíma í að fletta upp í spjaldskrá, það er gert með nokkrum skipunum í tölvunni. Með aukinni færni verða tölvurnar færar um að taka að sér sífellt flóknari verk, svo sem að svara hverjum þeim sem vantar upplýsingar.



Magnús Einarsson á skrifstofu Kaupfélags Héraðsbúa einhvern tíma á fyrri hluta sjöunda áratugarins. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Guðmundur R. Jóhannsson.

Prjónakonan

Almenn framleiðslustörf eru meðal þeirra sem helst eiga á hættu að verða tækniþróuninni að bráð. Við höfum þegar séð mikla tækniþróun í framleiðslunni, auk þess sem störfin hafa færst til ríka þar sem laun og annar framleiðslukostnaður er lægri. Nú er einfaldlega von á að fjöldaframleiðsla færist alfarið í klær vélmanna. Samkvæmt tölum Hagstofunnar hafa um 20 þúsund Íslendingar atvinnu af framleiðslu í dag.



Í Prjónastofunni Dyngju á Egilsstöðum árið 1995. Anna Káradóttir við vinnu sína. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Austri.



Hvað gerist í verslun og þjónustu? **Endalok kassadömunnar**

Verslun er meðal þeirra greina sem vaxið hefur hvað mest undanfarna áratugi og þar með bætt við sig vinnuafli. Þar er tæknibyltingin hafin og útlit fyrir að fjölmörgum verslunar- og þjónustustörfum verði á næstu árum fórnað fyrir tölvutækni.

„Kakan stækkar en samkeppnin eykst“ er heiti fyrsta kafla skýrslu sem Landsbankinn sendi nýverið frá sér um stöðu stöðu verslunar á Íslandi og væntanlegum breytingum á henni. Í greininni starfa 14% landsmanna, um 27 þúsund manns. Verslunarfyrirtæki greiða 9,4% launa og launatengdra gjalda í landinu og velta um fjórðungi allrar

veltu í íslenska hagkerfinu. Með öðrum orðum: verslunin skiptir miklu máli fyrir íslenskt efnahagslíf. Enn fremur kemur fram að aðstæður verslunarinnar séu með besta móti, kaupmáttur launa hafi styrkst, atvinnuleysi sé í lágmarki, einkaneysla aukist, bjartsýni sé ríkjandi svo ekki sé minnst á fjölgun ferðamanna.

Blikur eru hins vegar á lofti með innrás tveggja stórra alþjóðlegra keðja, H&M og Costco inn á íslenska markaðinn. Engum dylst að íslensk verslunarfyrirtæki hafa verið að búa sig undir innkomu þeirra, sem er skiljanlegt. H&M verslanir hafa löngum verið einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga á ferðum erlendis og Costco hefur gefið út þær yfirlýsingar að fyrirtækið ætli að „keppa við nánast alla“ enda býður það allt frá dagvörum til dekkja.

Netverslun margfaldast

En samkeppnin kemur úr fleiri áttum. Fjöldi pakkasendinga frá útlöndum hefur sjöfaldast hjá Íslandspósti frá árinu 2012. Í skýrslu Landsbankans er það rakið til þess að Íslendingar hafi „uppgötvað“ kínversku netverslunina AliExpress árið 2013. Það ár tvöfölduðust ábyrgðarsendingar frá útlöndum. Síðan hefur sendingunum fjölgað ört og Íslendingar uppgötvað nýjar vefverslanir nær sér. Íslandspóstur býr sig undir áframhaldandi bögglasendingar og að innlend vefverslun taki við sér. Merki eru farin að sjást um það og eitt af því sem innlendir verslunareigendur hafa gert til að bregðast við samkeppninni er að betrumbæta vefverslanir.

En þetta eru ekki einu breytingarnar sem við gætum séð í versluninni. Sérfræðingar spá byltingu í verslun í fjórðu iðnbyltingunni með sérsniðnum vörum, sjálfvirkri afgreiðslu og nýrri gerð verslana. Þeir sem verslað hafa í stórmörkuðum erlendis nýlega ættu að þekkja sjálfsafgreiðslukassa þar sem neytandinn skannar strikamerkin á vörunni sjálfur og klárar viðskiptin. Það er ekki einu sinni svo langt síðan við fórum að nota strikamerki!

En það eru ekki bara verslunarhættirnir sem munu breytast, heldur jafnvel virðis kedjan öll og efnahagskerfin.

Störf hverfa úr hefðbundinni verslun

Svjar hafa verið í fararbroddi tæknibyltingarinnar enda höfundar Skype-símforritins og Spotify, sem hefur átt drjúgan þátt í að útrýma geisladiskabúðum. Sænsk stjórnvöld taka tæknibyltinguna alvarlega og á vegum þeirra starfar Anna Felländer sem sérstakur

„Það er enn einn og einn sem kemur til að kaupa geisladiska. Samdrátturinn hefur tekið svo stuttan tíma að maður er rétt að byrja að átta sig á stöðunni. Það eru ekki nema 2-3 ár síðan geisladiskasalan hrundi og 4-6 ár síðan samdrátturinn byrjaði. Það var talað um þetta í blöðunum strax upp úr 1990 en maður vildi bara ekki trúa því.“

- Pétur S. Hallgrímsson í Tónspili
(Austurglugginn 7.4.2017)



„Góðan daginn, get ég aðstoðað“



Tæknifyrirtæki sýndu nýjustu afurðir sínar á ráðstefnu Samtaka bandarískra smásala í New York í janúar. Þar á meðal var afgreiðsluvélmennið Pepper. Það skynjar viðskiptavin sem kemur inn í verslun, spyr hvað hann vantar, bendir honum á hvar hluturinn er í versluninni og ef hann er ekki til þar vísar hann á næstu verslun.

Pepper er enn á tilraunastigi en nær öll stærstu fyrirtæki heimsins eru að gera tilraunir með vélmenni sem hlýða raddskipunum.

Þar var einnig þrjónavél frá Intel, stærsta örgjörvaframleiðanda heims, sem býður kaupandanum að hanna eigin peysu og þrjónar hana svo á 45 mínútum. Google og tískuvörurinn GAP kynna á næstu mánuðum símaforrit þar sem þú getur skoðað hvernig fötin líta út á þér.

Microsoft, fyrirtækið sem færði okkur Windows og Word, kynnti búðarhillur sem skynja hve mikið er til af ákveðinni vörutegund og geta jafnvel breytt verðinu á öðrum sjálfkrafa eftir hve mikið er til af henni. Vonandi verða hillurnar stöðugri í notkun en stýrikerfið!

Pepper,

til þjónustu reiðubúinn.

Mynd: Tokumeigakarinoashima/CC0



„Sértilboð fyrir þig, vinur minn“



Kemur flygildið í stað pizzasendilsins?
Mynd: Dominos

Hvaða Íslendingur sem farið hefur í sólarlandaferð kannast ekki við götusala sem gerir honum einstakt tilboð. Upplýsingar götusalans byggja á að árum saman hefur hann lært á hvernig fölleitir eða skaðbrunnir Frónbúar hegða sér og hvað þeir vilja.

En það eru líkur á að fleiri en götusalinn fari að gera þér sértilboð. Með auknum upplýsingum um viðskiptavininn koma verslanir sér upp gagnaböndum sem skila tilboðum og upplýsingum um hvað kaupandinn vill. Gervigreindin sér til þess að væntanlegur kaupandi fær réttu skilaboðin á réttum tíma.

Að auki eru að koma myndavélar og skynjarar sem fylgjast með hegðun viðskiptavinarins í búðinni. Þau meta hversu líklegur hann er til að kaupa vöruna eftir því hversu lengi hann heldur á henni eða hvaða svipbrigði hann sýnir þegar hann lítur á verðmiðann. Að sama skapi verða til öryggiskerfi sem greina þá sem líklegir eru til að stela.

En það er ekki bara búðin sem lærir hvað þú vilt. Næsta kynslóð ísskápa mun halda birgðabókhald og senda sjálfkrafa pöntun

í búðina þegar tæmist úr hillunum. Verslunin heldur utan um viðskiptin og sendir þér reikning.

Slíkir stórmarkaðir eru þegar komnir. Fyrstu Amazon Go verslanirnar verða opnaðar almenningi í ár, þar skannar viðskiptavinurinn vöruna áður en hann fer úr versluninni og fær síðan sendan reikning. Í Næraffar, 4000 manna þorpi við Helsingjaborg í Svíþjóð, var gerð tilraun með verslun þar sem þorpsbúar skönnuðu vörunar sjálfir og fengu reikning sendan mánaðarlega.

Svo ekki sé minnst á að þú þarft ekki einu sinni út í búð eftir vörunni. Amazon hefur hafið tilraunir með að senda litlar pantanir, sem er uppistaðan í söluinni, með flygildum. Dominos í Nýja-Sjálandi hefur látið þau skutlast með pizzur. Í stað pizzasendilsins er komið sjálfkeyrandi farartæki sem fer með pizzuna frá pizzastaðnum og sleppir flygildinu lausu þegar komið er nógu nálægt afhendingarstaðnum. Það sem leysa þarf úr er að mörg ríki heims hafa bannað slíkt flug innan ákveðinnar fjarlægðar frá mannabústöðum.

ráðgjafi um stafræna tækni. Felländer er meðal höfunda hugtaksins „diginomics“ sem gengur út á að skýra áhrif stafrænnar byltingar í hagfræðilegu samhengi. Felländer var aðalræðumaðurinn á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu í vor þar sem hún leitaðist við að skýra áhrif stafrænnar þróunar á verslun og hvað gerist á næstu árum.

Í Svíþjóð er staðan sú að verslun á netinu stendur að baki þriðjungi af vexti verslunar almennt. Fyrir árið 2025 verður vefverslunin væntanlega búin að yfirtaka vöxt almennrar verslunar. Um leið dregst almenn sala saman. Anna áætla að 22-42 þúsund störf hverfi í sænska verslunargeiranum á næstu árum.

Sérfræðingar spá byltingu í verslun í fjórðu iðnbyltingunni með sérsniðnum vörum, sjálfvirkri afgangi og nýrri gerð verslana.

Upplifun að fara í búðina

Hegðun neytenda er það sem stýrir þessum breytingum. Neytendur skoða í auknum mæli vöru í vefverslun áður en þeir koma í búðina og handan við hornið eru forrit sem til dæmis sýna kaupandanum hvernig fötin ættu að fara honum. Til að fá viðskiptavininn inn í búðina þarf hún að bjóða eitthvað umfram netverslunina, í annað hvort þjónustu eða upplifun. Sá sem vill kaupa hlaupaskó gæti hugsað sér að máta þá í sýndarveruleika umhverfi eða fá þá sérsniðna í sínum litum.

Neytandinn heimtar meira gagnsæi, hann vill upplýsingar um vöruna, hvernig verðið á henni er reiknað og geta rakið uppruna hennar sem og hvar hún er stödd

á hverjum tíma fái hann hana senda. Eins eiga neytendur meiri möguleika á að bera saman verð milli verslana. Í Svíþjóð eru meira að segja komir vefir þar sem hægt er að bera saman leiðir til lífeyrissparnaðar. Samanburðurinn byggir ekki á upplýsingum frá seljendum hendur notendum og er þar með ein birtingarmynda deiliahagkerfisins. Um leið og neytandinn heimtar meiri þjónustu gefur hann líka meiri upplýsingar um sjálfan sig. Anna spár því að þau viðskipti verði ein þau áhrifamestu í sambandi seljanda og kaupanda. Mikilvægasta eign hvers fyrirtækis verði gagnagrunnur um viðskiptavinina því með aðstoð gervigreindar sé hægt að nýta grunninn til að bjóða sérstök tilboð. Það geti sparað viðskiptavininum tíma en fara verði varlega með upplýsingarnar, traust getur verið mölvað á augnabliki með gagnaleka. Þrátt fyrir spár um samdrátt í hefðbundinni verslun er áformuð bygging milljóna fermetra í Svíþjóð í formi verslunarmiðstöðva. Heimsóknir þangað snúast ekki lengur um verslanirnar, heldur afþreyingu fyrir fjölskylduna og jafnvel að skoða áhugaverðan arkitektúr.

Það sem er ekki stafrænt verður verðmætara

Breytingarnar í versluninni eru hluti af stærri byltingu í hagkerfi heimsins og telur Anna að til dæmis þurfi að finna nýja mælikvarða á framleiðni. Þegar menn hringi frítt í gegnum netið hafi það neikvæð áhrif á þjóðarframleiðslu. Eins sé ekki lengur hægt að mæla framleiðni á hvern stakan hlut þar sem með stafrænni afritun geti hver neytandi neytt framleiddar vöru oftar. Í stað þess að kaupa tónlist á geisladisk kaupum við áskrift að Spotify sem gefur okkur aðgang að fjölda hljómplatna. Flutningskostnaðurinn er einnig fallinn út. Ekki þarf að senda geisladiskinn með flutningabíl eða geyma




Þrjú störf sem hafa orðið til

Tölvuforritari

Sennilega sú starfsstétt sem ber mesta ábyrgð á því hvernig er að fara. Starfið hefur vissulega verið til um langa hríð en í stað þess að vera skipað fáeinum nördum er það skipað nokkuð venjulegum manneskjum sem meðal annars þurfa að viðhalda græjunum sem komnar eru út um allt. Það virðist líka í stöðugri þróun, ekki er nema um áratugur síðan þeir sem búa til smáforrit fyrir snjallsíma fóru að koma fram. Starfið er hins vegar ekki öruggt, gervigreindin getur vel hjálpað til við að skrifa kóða.


Guðmundur Rúnar Einarsson, forritari á Egilsstöðum.



Íþróttþjálfari

Hér undir má í raun setja flest störf sem snúast að íþróttum og íþróttþjálfun, til að mynda einkaþjálfara. Þótt þau hafi verið til í einhverju formi hefur þeim fjölgað verulega. Þau krefjast bæði líkamlegrar færni og sköpunar sem tölvurnar geta ekki sinnt. Samhliða kyrrsetunni eða mögulegum frítíma kemur þörfin fyrir hreyfingu. Tölvan getur ekki metið hvort þú getir tekið eina armbeygju í viðbót, hvað þá sannfært þig um að gera hana.

Ana Vidal, blakþjálfari í Neskaupstað, hefur meðal annars skrifað kennslubók í blaki.



Næringarfræðingur

Þeir fyrstu komu vissulega fram í lok níttjándu aldar en með aukinni þekkingu hefur faginu vaxið fiskur um hrygg. Þekkingin eykst áfram og vitund almennings um rétta næringu sömuleiðis sem tryggir áframhaldandi eftirspurn. Við bætist að í gegnum deiliahagkerfið er betra aðgengi að næringarfræðingum fyrir áhugasama kaupendur.

Af námskeiðinu Eldum saman sem Starfsendurhæfing Austurlands gekkst fyrir undir stjórn Elísabetar Reynisdóttur, næringarráðgjafa. Elísabet er fyrst frá vinstri.






hann á lager í verslun og ekki þarf neinn til að afgreiða hann. En eitthvað kemur á móti. Í stað þess að selja glasadiska þurfa tónlistarmenn að treysta á tónleikahald, verðmæti lifandi tónlistar hefur aukist síðustu ár. „Allt sem ekki er hægt að gera stafrænt mun hækka í verði,“ segir hún.

Spár Önnu og hennar samstarfsfólks ganga út á að tæknibyltingin komi harðast niður störfum sem krefjast lítillar menntunar. En fleiri störf eru í húfi. Regluverðir bankanna voru mikið í umræðunni á Íslandi eftir hrun en þeim er ætlað að tryggja að starfsmenn bankanna fari að settum reglum. Þeir gætu heyrt sögunni til með nýjum forritum. Vinnumarkaðurinn breytist enn fremur.

Anna áætlað að 22-42 þúsund störf hverfi í sænska verslunargeiranum á næstu árum.

Fólk vill meiri sveigjanleika í vinnu og því verða fleiri sem vinna hjá sjálfum sér. Víða eru orðnir til vefsíður þar hægt er að leita eftir sérfræðingum sem bjóða vinnu sína til sölu. Spurningin er bara hvort þig vantar forritara eða pípara.

En þótt störf tapist ættu ný að verða til í staðinn. Það hefur gerst í öllum iðn- og tæknibyltingum sögunnar. Mannfólkið þarf hins vegar að vera undir það búið. Sérhæfing eykst og undir hana þarf að byggja með menntun. Eftirspurn verður eftir fólki með góða raungreina og félagslega færni, við þurfum eftir allt að stjórna tækjunum. Þegar kemur að því hvort skiptir meira máli virðist félagslega færnin hafa yfirhöndina.



Hver er Anna Felländer?

Anna Felländer er sérstakur ráðgjafi sænsku ríkisstjórnarinnar í þróun stafrænnar tækni. Áður en hún tók við því starfi leiddi hún framtíðardeild Swedbank, eins stærsta banka Svíþjóðar, og var áður aðalhaf fræðingur hans. Þar áður vann hún sem sérfræðingur í sænska fjármálaráðuneytinu og var meðal annars liðsmaður í krisustjórnunarhópi sem forsætisráðuneytið kom á fót eftir fjármálahrunið 2008.



SJÚKRA SJÓÐUR

HEILSA

Sjúkrasjóðurinn er starfræktur til að veita félagsmönnum fjárhagslegan stuðning vegna veikinda, slysa eða annarra áfalla.

Hverjir eiga rétt á styrkjum?

Til að félagsmaður eigi rétt á styrk úr sjóðnum, þarf atvinnurekandi að hafa greitt 1% iðgjald af launum hans til sjóðsins í minnst 10 vikur. Full réttindi ávinnast á sex mánuðum. Félagsmenn eiga hlutfallslegan rétt frá tíundu viku þar til fullum rétti er náð. Lámarksgreiðsla þarf þó að hafa náð 8500 kr. til að fullur réttur myndist. Réttur til sjúkradagpeninga getur verið mismunandi eftir því hvaða kjarasamningi starfsmaðurinn fær greitt.

Sótt er um styrki á þar til gerðum eyðublöðum. Umsókninni þarf ávallt að fylgja löggild greiðslukvittun, auk annarra upplýsinga, þar sem við á.

Sjúkrasjóður

Fyrir hverju er hægt að sækja um styrk?

Ferðakostnað vegna læknisþjónustu:

Hafi félagsmaður fengið synjun um greiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands greiðir félagið 100% samkvæmt farseðlum og/eða kílómetragjald samkvæmt reglum Sjúkratrygginga Íslands. Bensínnótur þurfa að fylgja umsókn. Vottorð um nauðsynlega ferð og staðfestingu á komu til læknis þurfa að fylgja umsókn. Hámark 6 ferðir á ári.

Ferðakostnað vegna læknisþjónustu barns:

Hafi félagsmaður fengið synjun um greiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands greiðir félagið 50% vegna ferðar með barn sé annað foreldri í félaginu og 100% séu báðir foreldrar félagsmenn. Greitt er samkvæmt farseðlum og/eða kílómetragjald samkvæmt reglum Sjúkratrygginga Íslands. Bensínnótur þurfa að fylgja umsókn. Hámark 6 ferðir á ári.

Sjúkraþjálfun barna:

Greitt er 50% af kostnaði, allt að 30 tímar á ári. Tilvísun frá lækni þarf að fylgja umsókn.

Sjúkraþjálfun/Sjúkranuddi:

Greitt er 50% af kostnaði, allt að 30 tímar á ári. Tilvísun frá lækni þarf að fylgja umsókn.

Heilsueflingu:

Félagið greiðir 25% af kostnaði, þó ekki hærrí upphæð en 15.000 kr. á ári. Umsókninni þarf að fylgja löggild greiðslukvittun.

Hjartavernd:

Greitt er 50% af kostnaði, þó ekki hærrí upphæð en 15.000 kr. á ári.

Krabbameinsskoðun:

Greitt er grunnjald krabbameinsleitar. Auk þess viðbótarskoðun, þó að hámarki 15.000 kr.

Gleraugnakaup:

Greitt er 50% af glerjum, einu sinni á tveggja ára tímabili.

Gleraugnakaup barns:


Greitt er 50% af glerjum, einu sinni á tveggja ára tímabili.

Laseraðgerð/Augnsteinaskipti:

Greitt er 50% af kostnaði, að hámarki 75.000 kr. fyrir hvort auga, samtals 150.000 kr.

Tæknifrjóvgun:

Greitt er 50% af kostnaði, þó ekki hærrí upphæð en 200.000 kr.



Sjúkradagpeningar
100 milljónir

Hvernig skiptast greiðslur úr sjóðnum?

Alls var ríflega 131 milljón greidd úr sjúkrasjóðum AFLs á síðasta ári. Þær skiptust í grófum dráttum sem hér segir (upphæðir í milljónum króna):

Sjúkradagpeningar	100,0
Sjúkraþjálfun eða sjúkranudd	6,1
Gleraugnakaup	4,7
Ferðakostnaður	5,3
Heilsuefling	5,9
Dánarbætur	4,3
Laseraðgerð	1,5
Krabbameinsskoðanir	1,3
Heyrnatækjakaup	0,5
Tæknifrjóvgun	1,2
Hjartavernd	0,05

„Starfsferillinn er álíka úreltur og ritvélin“

Árelía Eydís Guðmundsdóttir

Launþegar, stjórnendur fyrirtækja og stjórnvöld verða að vakna til vitundar um þær breytingar sem eru að verða á vinnumarkaði. Launþegar verða að vera á tánnum við að sækja sér menntun til að dragast ekki aftur úr.

Þetta er mat Árelíu Eydísar Guðmundsdóttur, sem talar um að veldisvöxtur hafi orðið í tæknijungum síðustu ár og ekki sé annað að sjá en hann haldi áfram. „Gervigreindin á eftir að kollvarpa aðstæðum á vinnumarkaði. Þau störf sem hægt er að tæknivæða verða tæknivædd. Þar á meðal eru bæði afgreiðslu- og þjónustustörf en einnig eftirlitsstörf. Stjórnendur og millistjórnendur eru til dæmis hverfandi,“ segir hún.

Hún segir skýrasta dæmið í bankakerfinu. Bankaútibú landsins fyrir hrun voru 150 en þau eru innan við 90 í dag. Þar af stendur Landsbankinn að baki tæpum helmingi þeirra. Erlendis hefur starfsmönnum í bankageiranum fækkað enn hraðar en hérlendis. „Þessi fækkun er ekki út af hruninu heldur vélvæðingu,“ segir Árelía.

Hún kallar eftir því að stjórnvöld vakni til vitundar um hvað sé að gerast. „Mér finnst stórundarlegt að bæði stefnumótun íslenska ríkisins og verkalýðsfélaganna sé ekki komin lengra. Hví er enginn að skoða þessa trauma í föstu starfi?“

Ekki lengur gamalt að vera 65 ára

Þetta er tæknin. Annað sem breytir landslaginu á vinnumarkaði, og reyndar

samfélaginu öllu, eru auknar lífslíkur. „Sú kynslóð sem nú vex upp á Vesturlöndum getur búist við að ná 106 ára meðalaldri og sú kynslóð sem nú er á miðjum aldri yfir nírætt. Þetta þýðir til dæmis gjörbreytt lífeyrissjóðakerfi. Við höfum ekki efni á að stærstur hluti þjóðarinnar sé að spila golf. Einstaklingurinn hefur ekki efni á því í 30 ár.

Þetta gerbreytir líka starfsferli. Það orð er orðið álíka úrelt og ritvélin. Áður var hann í þremur þrepum, þú menntaðir þig, vannst og hættir um 65 ára aldurinn. Það er liðin tíð að menn séu hjá sama fyrirtækinu alla sína sína starfsævi, jafnvel ekki í sömu greininni.

Það verða fleiri og fleiri sem eiga feril eins og leikarar sem eiga enga ávísun á æviráðningu hjá stóru leikhúsunum það sem eftir er þegar þeir hafa lokið námi.

Heilbrigðisvísindunum fleygir fram með gleðilegum hraða og framtíðin er ekki sú að fólk sé orðið gamalt 65 ára. Þetta þurfa atvinnurekendur að vakna upp við og verkalýðshreyfingin þarf að leggja sig fram um að breyta viðhorfum bæði launþega á vinnumarkaði sem og atvinnurekenda.“



Hver er Árelía Eydís Guðmundsdóttir?

Árelía Eydís er dósent við viðskiptadeild Háskóla Íslands sem í rúm tuttugu ár hefur kennt námskeið sem tengjast vinnumarkaði og stjórnun. Hún sendi nýverið frá sér bókina „Sterkari í seinni hálfleik“ þar sem hún fjallar meðal annars um framtíðina á vinnumarkaði og hvernig fólk á miðjum aldri mæti þeim áskorunum sem fram undan eru.

Hættulegt að dragast aftur úr í tækninni

Launþegar þurfa því að halda sér við til að halda í við þróunina á vinnumarkaði. Í því felst að sækja sér stöðugt nýja þekkingu og færni. „Sumir vakna, aðrir ekki. Mér finnst of fáir meðvitaðir um að landslagið er allt annað en áður. Ég er fimmtug og get ekki hallað mér aftur. Þegar ég var í háskólanámi skrifaði ég ritgerðir á ritvél, ég væri löngu úrelt hefði ég ekki uppfært tækniþekkingu mína.

Fólk verður að átta sig á að menntun og fagþekking úreldist. Það þýðir ekki að segja að kennitalan sé ónýtt, aldurinn skiptir ekki máli lengur. Það sem skiptir máli er hvað þú kannt. Við sem höfum verið lengur að höfum reynsluna líka en ef við höfum bara reynsluna en ekki nýju þekkinguna erum við búin að vera.

Þú verður að endurnýja sjálfa/n þig reglulega. Þegar við tölum um „menntun“ þá er það öll færni. Þú getur hafa gert við bíla alla þína ævi en þú hættir að geta það ef þú fylgist ekki með tölvuþróuninni.

Það versta sem fólk gerir er að dragast aftur úr tæknilega. Ef þú hefur aldrei fengið þér snjallsíma er svo mikið mál að byrja. Ef fólk hlífir sér og leyfir sér að dragast aftur úr verður það svo langt á eftir á stuttum tíma.“

MENNTA SJÓÐUR

MENNTUN

Með aðild að AFLi eru félagsmenn aðilar að starfsmenntasjóðum sem samið hefur verið um í kjarasamningum.

Aðild félagsmanna að starfsmenntasjóðum:

- Landsmennt- verkafólk á almenna markaðnum
- Sjómennt – sjómenn
- Ríkismennt- félagsmenn er starfa hjá íslenska ríkinu
- Sveitamennt – félagsmenn er starfa hjá sveitarfélögum
- Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks
- Iðan – iðnaðarmenn
- Menntasjóður IMA – iðnaðarmenn (eigin sjóður)

Menntasjóður

Hvernig skiptast starfsmenntastyrkirnir?


Alls greiddi félagið út styrki til 669 félagsmanna upp á 28,5 milljónir króna í fyrra.

Fjöldi styrkja

Framhaldsnám	146	
Háskólanám	162	
Starfsnám	84	
Tómstundanám	34	
Dvalar- og ferðakostnaður	92	
Íslenska fyrir útlendinga	32	
Annað tungumálanám	5	
Framhaldsfræðsla	7	
Annað	33	

Fjárhæðir og hlutfall

Upphæðir í þúsundum króna.





REGLUTÆKNI

Tölván segir nei – og hún meinar það

Störf í endurskoðun, bókhaldi og fjármálum eru í umtalsverði hættu á að verða færð yfir til tölvanna. Það er búið að tölvuvæða skattframtalið, ársreikningur fyrirtækisins er næsta skref og regluverðir bankanna, sem enginn tók mark á fyrir hrun, verða róbótar, sem ekkert þýðir að reyna komast framhjá.


„RegTech“ eða reglutækni er næsta skref í tæknivæðingu fjármálaheimsins. Við þekkjum þegar tæknivæðingu fjármálaheimsins í gegnum netbanka sem gerbylt hafa bankaviðskiptum og farið langt með að útrýma gjaldkerum.

Reglutæknin felst einfaldlega í að nýta tækni til að framfylgja reglum. „Áreiðanlegri, öruggari og ódýrari,“ segir endurskoðunarfyrirtækið Deloitte. Gagnabankar og algórythmar verða notaðir til að meta hegðun notenda. Þegar einhver bregður út af venjunni og gerir eitthvað sem passar ekki inn í formúluna hringja viðvörunarbjöllunnar. Tölvurnar verða bæði öflugri í að koma auga á óeðlilega hegðun og það verður erfiðra að fara framhjá þeim.

Þrjú störf sem verða til


Flygildastjóri

Hæfni flygilda, eða dróna, virðast fá takmörk sett. Þeir geta flutt okkur vörur, fylgst með umferð og mengun og skipt um ljósaperur í stórum húsum. Eftir því sem flygildum fjölgar í loftinu og hæfni þeirra fleygir fram eykst þörfin fyrir sérhæfða umsjónarmenn. Eins gæti þörfin fyrir flugumferðarstjóra aukist. Alþjóðleg fyrirtæki verða með stóra flota flygilda sem fljúga yfir landamæri og það krefst samninga og samvinnu við yfirvöld.



Lífslokaráðgjafi

Á næstu árum munu fjölmennar kynslóðir á Vesturlöndum komast á sín efri ár. Umræðan mun snúast um hvernig fólk vill eyða síðustu æviárunum. Fólk mun vilja glæða síðustu dagana meira lífi frekar en bæta fleiri dögum við ævina. Á þessu sviði mun menntun á sviði heilsugæslu, félagsráðgjafar, sálfræði og kennslu hjálpa til. Annað starf sem gæti orðið til er aðstoð við hvernig við skiljum við arfleifð okkar á netinu.



Vélmennafræðingar

Eðlilega þarf einhverja til að gera við vélmennin þegar þau bila. En þegar vélmennin verða færari um að vinna ýmis heimilisstörf eykst líka eftirspurning eftir rétta vélmenninu. Fram munu koma sérfræðingar eða sölumenn sem hjálpa fólki að finna rétta vélmennið og halda leitinni áfram ef það rétta finnst ekki í fyrstu tilraun. Auk sölumenskunnar þurfa fræðingarnir að hafa færni í mannlegum samskiptum til að geta lesið í félagsfræði fjölskyldunnar.



A close-up portrait of Sverrir Mar Albertsson, a man with a grey beard and glasses, wearing a dark jacket over a red shirt. He is looking slightly to the left of the camera.

Sverrir Mar Albertsson
framkvæmdastjóri AFLs

Við eigum góða framtið að baki – og í vændum!

Í upphafi skyldi endinn skoða ...

Þau tíu ár sem liðin eru frá stofnfundi AFLs Starfsgreinafélags í félagsheimilinu Skrúð á Fáskrúðsfirði hafa verið viðburðarík. Félagið var með stærri verkalýðsfélögum landsins við stofnun og félagsmenn voru m.a. þúsundir tímabundinna starfsmanna við uppbyggingu á Kárahnjúkum og Reyðarfirði.

Rösku ári eftir stofnun félagsins hrundi efnahagslífið svo með tilheyrandi atvinnuleysi og lífskjaraskerðingu.

Landið er farið að rísa á ný og nú er það m.a. ferðaþjónustan sem er frek á fólk og aftur er það útlent launafólk sem fyllir í skörðin þegar landsmenn ekki hafa undan í atvinnuuppbyggingu. Samfara því fer svo brotum á launafólki fjölgandi og að sumu leyti er þetta eins og „Deja Vu“ – við höfum séð þetta allt áður.

Sameiningin 2007 var ekkert kraftaverk heldur sjálfsagt framhald á sameiningarsögu fyrri ára. Í kringum aldamótin síðustu höfðu orðið tvær sameingar, sú fyrri þegar Jökull á Höfn sameinaðist félögunum á Djúpavogi, Breiðdalsvík og Stöðvarfirði og úr varð Vökull Stéttarfélag.

Síðari sameiningin varð ári síðar er AFL Starfsgreinafélag Austurlands

varð til við sameiningu félaganna á Vopnafirði, Egilsstöðum og Borgarfirði, Seyðisfirði, Eskifirði, Neskaupstað og Fáskrúðsfirði. Vlf. Reyðarfjarðar kaus þá að standa utan við þessa strauma.

Hnípin þjóð í vanda ...

Síðustu ár hafa verið átakamikil í samfélaginu. Í kjölfar bankahrunsins hafa æ fleiri látið til sín taka í þjóðmálaumræðu og grunngildi hafa verið tekin til endurskoðunar. Á árunum eftir hrun var hér hnípin þjóð í vanda – en líka reið þjóð sem krafði forystu um svör og ábyrgð. Verkalýðshreyfingin fór ekki varhluta af reiði fólks sem hefur ekki síst beinst gegn Alþýðusambandi Íslands en síður gegn einstaka aðildarfélögum.

Hreyfingin hefur verið ásökuð um dugleysi, aumingjaskap og að verja ekki launafólk fyrir hremmingum og fyrir verðtryggðum húsnæðislanum. Það gefst ekki rúm hér til að svara fyrir allt það sem Alþýðusambandið og aðildarfélögin eru ásökuð um – en umræðan hefur verið hörð og illa grunduð. Það hefur líka vakið athygli að meðal þeirra sem hæst fara á samfélagsmiðlum og krefja Alþýðusambandið um aðgerðir eru oft alls ekki meðlimir í neinu aðildarfélagi þess.

Það næðir á stafnbúanum ...

Það hefur nefnilega verið þannig í hundrað ár að Alþýðusamband Íslands hefur oftast staðið eitt í fylkingarbrjósti í baráttu fyrir mannsæmandi lífsskilyrðum launafólks og tekið slaginn á meðan viðhlæjendur hafa setið í makindum í stúkunni og gagnrýnt harðlega framgöngu okkar fólks en eru svo fremstir í röðinni þegar gæðunum er útdeilt. Þessir eru yfirleitt stóryrtir og vissir í sinni sök í kommentakerfum samfélagsmiðlanna en minna hefur farið fyrir þeim í baráttu fyrir bættum kjörum.

Saga verkalyðsfélaganna á Austurlandi er samofin sögu Alþýðusambandsins – saga brostinna drauma og glæstra sigra. Ósigrarnir eru sárir á meðan sigrarnir hverfa í móðu sögunnar og fæstum dettur í hug að þakka verkalyðshreyfingunni sjálfsagða hluti eins og sumarfrí, veikindarétt, fæðingarorlof eða möguleika á endurmenntun.

En þannig bara er það og ekki óeðlilegt. Verkalyðsbarátta snýst ekki um stundarvinsældir einstaklinga og allra síst meðal þeirra sem ráða fyrir samfélaginu eða fara með himinskautum á samfélagsmiðlum en því miður er það þannig að umræðan gengur einna helst í slagorðastíl. Greinar eins og þessi er sjálfsagt lesin af fáum á meðan stutt og hnitmiðuð skilaboð á Twitter – helst ekki meira en 7 orð – geta unnið forsetakosningar.

Björt framtíð og breytingar ...

Það biða stórkostleg tækifæri í framtíðinni – en líka ógnanir og hættur. Ný tækni mun ryðja mörgum af störfum okkar til hliðar og ný störf skapast í staðinn. Framleiðniaukning verður veruleg og ein af stóru spurningunum sem við þurfum að spyrja okkur er hvort við ætlum að setta okkur við að ávinningurinn renni allur í vasa fárra eða hvort við getum

horft til betra lífs, styttri vinnutíma og aukinna lífsgæða.

Verkalyðsbaráttan hófst með augljósri baráttu fátæks fólks við yfirstéttina og fjármagnseigendur. En byltingin borðar börnin sín og með vaxandi lífsgæðum millistéttar Vesturlanda hefur baráttan milli hægri og vinstri orðið æ minna sexí og önnur baráttumál tekið yfir, s.s. umhverfismál og jafnréttismál og fleiri málaflokkar sem eru nauðsynlegir og ekki stendur til að gera lítið úr. En á sama tíma hefur hægri slagsíðan á stjórn mállum færð okkur æ lengra til baka þannig að auðsöfnun hinna ofurríku er nú meiri en í marga áratugi og jafnvel árhundruð. Með auknu frelsi í fjármagnsflæði eru svo auðæfin flutt til skattaskjóla og frá uppruna sínum og frá fólkinu sem skapaði þau. Á sama tíma er launafólk víðast hvar um heim í nauðvörn.

Hlutverk félags eins og AFLs er að standa vaktina – hvort heldur það leiðir til vinsælda eða ekki – og taka slaginn. AFL hefur reynt að axla ábyrgð á félagssvæðinu og reynt að vera til forystu í ýmsum málaflokkum. Þannig hefur félagið víða verið kallað til samráðs í samfélagsmálum af sveitarfélögum og öðrum á meðan önnur stéttarfélög sjást ekki. Það er kannski til marks um hversu stóran sess AFL hefur í hugum fólks að stjórn kórs þar sem flestir félagar koma úr opinbera geiranum og úr „menntuðu störfunum“ finnst sjálfsagt og eðlilegt að AFL styrki starfsemina en dettur ekki í hug að leita til eigin stéttarféлага.

Vinnudeilur síðustu ára hafa fært okkur sanninn um að við höfum sofnað á verðinum – við höfum látið átólulaust að fólk sem vinnur störf sem bundin eru kjarasamningum AFLs og með forgangsréttarákvæði okkar fólki í vil, tilheyri stéttarfélögum sem hér eiga hvergi heima. Við höfum horft upp á vinnustaði þar sem allir eru verkstjórar og í verkstjórafélagi en enginn óbreyttur starfsmaður. Við

hin megum sum sé bera ábyrgð á gerð kjarasamninganna, greiða kostnaðinn og fá skammirnir en þessir „verkstjórar“ ætla að vera farþegar á frímiða.

Það er ljóst að þetta gengur ekki og eru félög Alþýðusambandsins að undirbúa verulegt átak í því að tryggja að störf sem við semjum um séu unnin af félagsmönnum okkar – ekki einhverjum farþegum. Á sama hátt er grátlegt að horfa upp á einyrkja og atvinnurekendur reyna að kaupa sér aðgang að orlofsíbúðum okkar og þjónustu með því að skila málamyndaiðgjaldi af sjálfum sér og er athyglisvert að sjá hversu mörg stórmenni virðast lifa á 50.000 króna mánaðarlaunum. Á meðan finnst þessu fólki ekkert athugasvert við að draga fullt félagsgjald af launafólkinu.

Það er einnig með ólíkindum að fjöldi þeirra sem telja sig málsvara byggðanna kjósa að tilheyra stéttarfélögum í Reykjavík og þá félögum sem ekki sjást á Austurlandi nema til hátíðarbrigða og leggja aldrei vinnu né fé í neitt sem telja má samfélaginu til framdráttar. Það er líka grátbroslegt að sjá athafnaskáld sem hafa sjaldan lagt fallett orð til félagsins njóta þess að gista í orlofsíbúðum okkar með því að nýta félagsaðild unglingsins á heimilinu og fer þá lítið fyrir hnjóðsyrðum til okkar á meðan.

Það er með það eins og annað – það vilja margir sitja við eldana en færri kynda þá.

AFL Starfsgreinafélag mun skoða framtíðina með opnum hug – við þurfum að mæta breytingum og skoða skipulag félagsins. Starfsmenn í nýjum starfsgreinum þurfa að finna sig velkomna og við þurfum líka að skoða hvort við getum gert starfsmönnum í ýmsum fagstéttum kleyft að ganga til liðs við okkur og sameinast þannig á grundvelli búsetu en ekki gamaldags skiptingar í starfsstéttir. AFL hefur staðið vaktina á Austurlandi í 10 ár og mun gera það áfram. Til góðra verka.



Fiskþvottur á Eskifirði. Félagar í Árvakri höfðu mikinn áhuga á samvinnu austfyrskra verkalýðsfélaga til að samræma kaup og kjör.
Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Einar Vilhjálmsson

AFL í 10 ár og austfirskt verkalýðssamstarf í 100 ár

Allerfiðar fæðingarhríðir

Þrátt fyrir allan hrepparíginn hafa Austfirðingar oft verið í fararbroddi um samstarf félaga innan landshluta. Þannig var til að mynda farið með samvinnu verkalýðsfélaga. En hvernig hefur hún gengið og hvaða máli hefur hún skipt?

Vagga formlegrar verkalýðsstarfsemi á Austurlandi var á Seyðisfirði. Á árunum 1896-1897 var unnið þar að stofnun fyrsta stéttarfélags verkamanna á landinu. Þá voru miklir uppgangstímar á Seyðisfirði, fólk kom víða að til að setjast að og fjölgaði ört enda næga vinnu að hafa. Verkamenn á Seyðisfirði sáu sér hag í að koma á fót félagsskap sem gegndi því hlutverki að vernda rétt og vinna að bættum hag þeirra. Mikilvægt var einnig að í bænum bjuggu menn sem voru tilbúnir að vera í forsvari fyrir slíkt félag. Forsendur félagsstofnunar voru því til staðar og félaginu var komið á fót en starfsemi þess varð einnig skammvinn; óeining og sundrung félagsmanna varð félaginu að fjörtjóni og það lognaðist út af áður en ný öld gekk í garð.

Þótt Verkamannafélag Seyðisfjarðar hafi orðið skammlíft ruddi það brautina með skýrum hætti. Seyðisfjörður var ekki lengi án verkalýðsfélags. Nýtt félag, Verkamannafélagið Fram, var stofnað þar árið 1904. Á fyrstu þremur áratugum 20. aldar voru stofnuð verkalýðsfélög á nær öllum þéttbýlisstöðum austanlands en óneitanlega urðu fæðingarhríðir verkalýðsstarfseminnar víða allerfiðar. Oft tók verulegan tíma að byggja upp félag sem var varanlegt og traust og í sumum tilvikum voru gerðar fálmkennar tilraunir til stofnunar verkalýðsfélaga áður en til varð félag sem náði að skjóta haldgóðum rötum.

Fyrsta tilraun til samstarfs

Árið 1916 hafði Verkamannafélagið Árvakur á Eskifirði frumkvæði að umfjöllun um samstarf austfyrskra verkalýðsfélaga en Árvakur var stofnað 1914. Eftir umræður innan félagsins varð úr að skrifa nágrannafélögum á Seyðisfirði, Reyðarfirði, Norðfirði og Fáskrúðsfirði

og kanna áhuga á samstarfi. Bréfið virðist ekki hafa verið nógu skýrt orðað því ekki lögðu öll félögin sama skilning í innihald þess. Sum töldu að um væri að ræða brýningu um að taka þátt í nýstofnuðu Alþýðusambandi Íslands, sem gæti orðið kostnaðarsamt og því ekki fýsilegt. Á móti væri æskilegt að hjá verkamannafélögum á Austurlandi kæmist á sami vinnulaunataxti. Þótt bréfið hafi fengið töluverða umfjöllun og jákvæða er engar vísbendingar að finna um að samstarf hafi tekist milli félaganna á þessum tíma.



Ritsímastrengur tekinn á land á Seyðisfirði í ágúst 1906. Um það leyti var mikill uppgangur á staðnum og fyrsta íslenska verkalýðsfélagið var stofnað þar.

Þótt ekkert yrði af samstarfi í fyrstu tilraun gáfust menn ekki upp. Hugmyndinni var einkum haldið lifandi á vettvangi Árvakurs. Í apríl 1923 var haldinn stofnfundur Sambands austfirskra verkamannafélaga á Eskifirði. Flest bendir til þess að sambandið hafi einungis verið við lýði í tvö til þrjú ár. Miðað við heimildir virðist starfsemi þess ekki hafa verið umfangsmikil.

Önnur tilraun

Um miðjan mars 1926 komu fulltrúar þriggja verkalýðsfélaga og eins jafnaðarmannafélags saman á Norðfirði til að stofna nýtt austfirskt samband verkalýðsfélaga. Þeir komu frá Norðfirði, Seyðisfirði og Eskifirði. Fleiri verkalýðsfélög frá Búðahreppi, Djúpavogi auk jafnaðarmannafélags fá Norðfirði bættust fljótt í hópinn.

Stofnunin var drifin áfram af Jónasi Guðmundssyni, formanni Verkalýðsfélags Norðfjarðar, sem hafði fært aukinn kraft í félagsstarfið. Hann taldi mikilvægt að félögin eflðu félagsvitund sína með að sameinast um fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands en eins yrðu þau að eiga sér málsvara í væntanlegri baráttu gegn mótstöðu atvinnurekenda og íhalds.

Meðal markmiða Verkalýðssambands Austurlands var að koma á samræmi í kaup-taxta, styrkja félagsstarfsemina svo sem með stofnun nýrra verkalýðs- og jafnaðarmannafélaga, koma sem víðast í fulltrúastöður mönnum sem fylgdu jafnaðarstefnunni og stuðla að fræðslu um stefnuna. Eins var samþykkt að sambandið ynni að því að vinnukaupendur létu félagi í verkalýðsfélögum sitja fyrir um vinnu, þeir skyldu greiða allt kaup í peningum en ekki með heimild til úttektar á vörum í verslunum og að sambandið liðsinnti félögum í verkföllum og verkbönum.

Samkvæmt lögum sambandsins átti að halda þing sambandsins til skiptis á Norðfirði, Eskifirði og Seyðisfirði. Gekk það misjafnlega, meðal annars vegna illviðra og seinkunar strandferðaskipa. Það veikti sambandið hve fáir tóku virkan þátt í því en þing þess voru fyrst og fremst sótt af Norðfirðingum og Seyðfirðingum. Það lognaðist því út af eftir 1931.

Þriðja og fjórða tilraun

Í kjölfar verkalýðsráðstefnu sem Alþýðusamband Íslands gekkst fyrir á



Hvernig hefur þú nýtt þér þjónustu AFLs?



Guðný R. Guðnadóttir

– skrifstofustjóri Fjarðanets, Neskaupstað

„Ég hef oft nýtt mér bæði íbúðir og sumarbústaði og finnst skipta miklu máli að geta fengið þetta á viðráðanlegu verði. Eins hef ég þurft að nýta sjúkrasjóðinn í stuttan tíma og og hann skiptir auðvitað verulegu máli, sem og námskeiðastyrkir. Einnig þykir mér gott að leita til AFLs sem launagreiðandi varðandi upplýsingar um réttindi starfsmanna.“

Esfirfirði haustið 1942 kviknuðu aftur umræður um nauðsyn verkalýðssambands á Austurlandi. Úr varð að í ársbyrjun 1943 var Alþýðusamband Austfjarða stofnað á Seyðisfirði. Félagssvæðið var frá Hornafirði í suðri allt til Skála á Langanesi í norðri, sem svipar nokkuð til félagssvæðis AFLs Starfsgreinafélags í dag.

Tilgangur félagsins var meðal annars að beita sér fyrir félagslegri eflingu hvers sambandsfélags og auknu samstarfi milli félaganna, auka fræðslu meðal almennings um hlutverk verkalýðssamtakanna og efla skilning neytenda á gildi samvinnuhreyfingarinnar og samvinnu verkalýðsfélaganna og neytenda.

Samkvæmt lögum áttu Norðfirðingar að skipa aðalstjórn sambandsins en henni til fulltingis átti að vera fjórðungsstjórn, skipuð einum manni frá hverju félagi. Talið var að stjórnin yrði virkari ef allir fulltrúarnir kæmu úr sama byggðarlaginu enda samgöngur stopular. Norðfirður var valinn því þar var fjölmennasta og öflugasta aðildarfélagið. Þetta virðist hins vegar hafa komið niður á samstarfinu og síðustu heimildir um sambandið eru frá árinu 1946.

Sambandið var endurvakið haustið 1955 á Reyðarfirði í kjölfar heimsóknar Hannibals Valdimarssonar, þáverandi forseta Alþýðusambands Íslands, til Austfjarða um sumarið. Fellt var út ákvæði um að stjórnin væri eingöngu skipuð Norðfirðingum. Þrátt fyrir þetta er nær að segja að sambandið hafi rumskað en það hafi verið vakið.

Gengur í fimmtu tilraun

Aftur var haldinn fundur á Reyðarfirði haustið 1960 með það að markmiði að koma á samstarfi austfirskra verkalýðsfélaga. Nafninu var breytt í Alþýðusamband Austurlands og var starfssvæði þess hið nýja Austurlandskjördæmi. Samkvæmt lögum áttu forseti, ritari og gjaldkeri allir að búa í Neskaupstað. Að auki voru í stjórninni

tveir meðstjórnendur sem skyldu búsettir utan Norðfjarðar. Í kjölfarið var samið við Verkalýðsfélag Norðfirðinga um að reka upplýsingaskrifstofu fyrir sambandið. Síðan hefur óslitið verið rekin sameiginleg skrifstofa fyrir austfirskt verkafólk þótt starf sambandsins væri misöflugt. Ákvæðið um að forseti, ritari og gjaldkeri skyldu allir búsettir í Neskaupstað var afnumið árið 1982.

Auk þess að sinna kjaramálum og ýmsum réttindamálum verkafólks á Austurlandi sinnti Alþýðusamband Austurlands ýmsum þörfum verkefnum til



hagsbóta fyrir félagsmenn aðildarfélaganna, til dæmis byggingu orlofshúsa og stofnun Lífeyrissjóðs Austurlands árið 1969.

Eitt félag

Árið 1960 voru verkalýðsfélögin á svæðinu átján talsins en eru nú eitt. Árið 1999 sameinuðust fjögur félög á svæðinu frá sveitarfélaginu Hornafirði í suðri til

Stöðvarfjarðar undir merkjum stéttarfélagins Vökuls. Í ársbyrjun 2001 sameinuðust sex félög frá Búðahreppi í suðri og norður til Bakkafjarðar undir merkjum

Heppni að blaðberinn slapp lifandi

Einn merkasti þátturinn í starfsemi Verkalýðssambands Austurlands var útgáfa blaðsins Jafnaðarmannsins sem kom út á árunum 1926-1934. Í blaðinu voru greinar þar sem kenningar jafnaðarmanna voru notaðar til að varpa ljósi á eðli austfirskis atvinnulífs og stjórn mála. Að auki birtust í blaðinu greinar um landsmál og sveitastjórnarmál. Á sviði sveitastjórnarmálanna var einkum skrifað um Seyðisfjörð og Norðfjörð, enda blaðið skrifað í Neskaupstað og prentað á Seyðisfirði og var blaðið málagn Alþýðuflokksins í kosningum.

Þótt blaðið ætti að koma út mánaðarlega féll útgáfa stundum niður vegna samgönguferðleika. Stundum þótti útgefendunum hins vegar sérlega mikilvægt að koma blaðinu sem fyrst til lesenda og

kom þá fyrir að menn væru jafnvel sendir fótgangandi milli fjarða til að sækja blaðið. Dæmi um það er að á gamlárskvöld 1928 var maður sendur frá Norðfirði til að sækja kosningablað Jafnaðarmannsins en fyrstu bæjarstjórnarkosningarnar í Neskaupstað skyldu fara fram 2. janúar 1929. Maðurinn gekk frá Norðfirði til Seyðisfjarðar, tók þar 1000 eintök af Jafnaðarmanninum á bakið og gekk með þau til baka áleiðis til Norðfjarðar. Þegar hann var að fara niður klettabelti fyrir ofan Neskaupstað skrifaði honum fótur og hrapaði hann niður í gjá með þeim afleiðingum að hann brotnaði á fæti. Fyrir tilviljun heyrðust hrópin í blaðberanum ofan úr fjallinu og var því unnt að koma honum til bjargar. Kjósendur fengu síðan kosningablaðið á réttum tíma.



Af sjálfstýrkingarnámskeiði sem Verkalýðsfélag Fljótshéraðs gekkst fyrir árið 1995. Sitjandi frá vinstri: Heiðar Steinn Broddason, Ólafur Gauti Sigurðsson, Vala Garðarsdóttir, Elinborg Bergþórsdóttir, Þórey Eirika Pálsdóttir og Einar Bergþórsson. Standandi eru Gyða Vigfúsdóttir og Guðlaug Ólafsdóttir. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Austri

AFLs Starfsgreinafélags Austurlands. Þau sameinuðust undir merkjum AFLs þann 28. apríl 2007 auk Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar sem ekki hafði tekið þátt í neinum sameiningum fyrr. Hvatinn að þessum sameiningum voru annars vegar miklar sameiningar sveitarfélaga í landshlutanum en ekki síður sameiningar verkalýðsfélaga víða um landið. Krafan var um stærri einingar sem sinnt gætu flóknari verkefnum. Sama ár var Lífeyrissjóður Austurlands sameinaður Lífeyrissjóði Norðurlands undir merkjum Stapa en viðræður um sameininguna stóðu í um tvö ár.

Hugmyndir um sameiningu allra verkalýðsfélaganna á Austurlandi í eitt voru heldur ekki nýjar, þær höfðu stungið upp kollni af og til og um miðjan tíunda áratuginn var slík tillaga lögð fram á þingi Alþýðusambands Austurland. Hún fékk vægast sagt dræmar undirtektir.

Hvað höfum við grætt?

Ljóst er að Austfirðingum hefur löngum verið ljóst að hagræði og styrkleikar felist í samstarfi. Það er hins vegar lýsandi fyrir landslagið í fjórðungnum að framan af hafi samgöngur milli staða staðið góðum vilja fyrir þrífum. Stöðugleiki virðist hafa komist á í samstarfinu eftir að þær löguðust upp úr miðri tuttugustu öldinni. Þótt góður

vilji væri fyrir hendi til samstarfs settu samgöngurnar strik í reikninginn. Reynt var að leysa vandann með að hafa alla stjórnina í einu byggðarlagi en þá komu upp önnur vandkvæði.

Samstarfið hefur ávallt snúist um að vinna saman að því að bæta kjör austfirks verkafólks og vekja athygli á málefnum þess. Þannig eru samræmdir kauptaxtar á milli fjarða áberandi í sameiginlegum samþykktum framan af. Það þótti erfitt þar sem ekkert verkalýðssamband væri við lýði.

Stórt og öflugt samband er líka kröftugri bakhjarl verkafólks í baráttu. Annars vegar er erfðara fyrir vinnuveitendur að stýra starfsmönnum inn í eitt félag sem er veikt og mögulega þægilegra viðureignar, hins vegar eru sameiginlegir sjóðir sterkari þegar á reynir.

Samstarf austfirskra verkalýðsfélaga hefur líka stuðlað að margvíslegum framfaramálum í fjórðungnum og lífshjarabótum fyrir aðildarfélag. Meðal annars má þar nefna sameiginlegan lífeyrissjóð og öflugt orlofsíbúðakerfi sem reynst hefur mörgum félagsmanninum vel.

Byggt á grein Smára Geirssonar, Samstarf verkalýðsfélaga á Austurlandi, sem birtist í Afmæliskefðu til Háskóla Íslands sem Bókautgáfan Hólar gaf út árið 2003.



Hvernig hefur þú nýtt þér þjónustu AFLs?



Agla Heiður Hauksdóttir

– greiningarsérfræðingur fjármála hjá Alcoa Fjarðaáli, Eskifirði

„Ég hef nýtt mér leigu á orlofsíbúðum, gleraugnastyrk og námsstyrk. Þessi þjónusta skiptir máli fyrir mig, þá sérstaklega leiga á orlofsíbúðum þar sem getur verið ansi dýrt að fara til Reykjavíkur til dæmis og þá bætist ekki ofan á mikill kostnaður við gistingu því hún er á sanngjörnu verði hjá stéttarfélaginu.“

ORLOFS SJÓÐUR

ORLOF

Allt launafólk á rétt á orlofi samkvæmt lögum og kjarasamningum, ávinnur sér rétt frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.

Orlofshús og íbúðir

AFL á orlofshús og íbúðir á nokkrum stöðum á landinu, auk aðgangs að íbúð á Spáni. Hægt er að fá nánari upplýsingar um hvað félagið býður upp á í orlofsmálum á vef félagsins, með því að senda tölvupóst á gunnar@asa.is eða hafa samband við einhverja af skrifstofum félagsins.

Orlofsvefur AFLs

AFL Starfsgreinafélag hefur tekið í notkun orlofskerfi þar sem félagsmenn geta skoðað laus tímabil, bókað sjálfir á netinu og gengið frá greiðslu. Sjá á asa.is undir orlofsmál.

Orlofssjóður

Hvernig er nýtingin á orlofsíbúðunum?

AFL er með orlofsíbúðir við Stakkholt í Reykjavík og Ásatún á Akureyri opnar allt árið. Íbúðirnar í Stakkholti eru átján talsins en fjórar í Ásatúni.

Nýting Ásatúns

88,63%

Fjöldi gistinátta

1.045

Aðrir orlofskostir


Orlofssjóður AFLs keypti aðra orlofskosti fyrir 29 milljónir í fyrra til endursölu til félagsmanna, fyrst og fremst ferðir og gistingu. AFL kaupir vöruna eða þjónustuna af seljandanum og selur hana ódýrar áfram til félagsmanna. Eina undantekningin eru flugfarseðlar með Erni sem seldir eru á sama verði og þeir eru keyptir á.

Nýting Stakkholts
95,83%
Fjöldi gistinátta
5.975

Aðkeypt þjónusta orlofsjóðs til endursölu 2016

(upphæðir í þúsundum króna)

Hótelgisting	4.735
Bændagisting	171
Veiðikortið	258
Útilegukortið	819
Flugfélagið Erni	22.320
Hvalfjarðargöngin	762





Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
**„Mér fannst ég ekki
geta sagt nei“**

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir hefur verið formaður AFLs starfsgreinafélags frá því það var sameinað. Hún hefur reyndar verið í forystu í verkalýðsmálum í um þrjátíu ár, þar af formaður stéttarfélags í tæpan aldarfjórðung. Hún segir að alltaf þurfi að standa vaktina í réttindamálum launafólks þótt til staðar séu kjarasamningar sem eigi að tryggja réttindin.

„Ég byggði sumarhúsið upp á hæð. Þaðan er útsýnið gott en það blæs dálítið,“ segir Hjördís Þóra. Hún tekur á móti okkur í sumarbústað sínum á Fljótsbakka í Eiðapínghá. Afleggjarinn að bænum er sá síðasti áður en komið er að Eiðum frá Egilsstöðum en frá veginum virðist hann vísa út í buskann. Heimreiðin er nokkrir kílómetrar, liggur yfir hæðir og bærinn, sem er niðri við Fljót, sést ekki af veginum.

Þar er Hjördís Þóra uppalin og hafði húsaskjól hjá móður sinni þar

til hún hætti búskap. Systursonur Hjördísar tók við búskapnum og Hjördís gerði sér bústað úr gámaeiningum frá Bechtel. Rétt hjá er nýrised fjárhús. „Kýr eru uppstaðan í búinu hjá frænda mínum en ég hef aldrei verið fyrir þær, mér finnast rollurnar skemmtilegri. Ég á tvær og maðurinn minn eina þannig það þurfti að byggja yfir þær,“ segir hún kímín.

Eitt dýr enn er í hjörðinni, hundurinn Þoka sem fylgir Hjördísi í flestar ferðir nema þegar hún fer fljúgandi. Hún gæltir að okkur og heimtar að fara út í gönguferð, helst langa.

„Þrátt fyrir tæknina tel ég mikilvægt að vera með þjónustuna sem næst félaganum, ég held að félagsmennirnir vilji það.“

Á vertíð á Höfn

Hjördís Þóra byrjaði í barnaskólanum á Eiðum og fór síðan í Alþýðuskólann áður en hún hélt suður til Reykjavíkur til að fara í menntaskóla. Það átti ekki við

hana þannig hún fór 18 ára gömul á vertíð til Hornafjarðar í janúar 1977. Þar hefur hún verið, meira og minna, í 40 ár. „Vá – ég var ekki búin að fatta það,“ segir hún þegar það rennur upp fyrir henni.

Þar vann hún í frystihúsi kaupfélagsins (KASK), sem nú heyrir undir Skinney Þinganes en kom heim í sveitina á sumrin. „Síðan ílengdist ég á Hornafirði. Það var þetta þetta hefðbundna, börn og basl og það sem því fylgir, kaupa hús og það allt saman.“

Verkalýðsafskiptin byrjuðu um miðjan níunda áratuginn þegar hún var kjörin trúnaðarmaður í verkalýðsfélaginu. Hjördís segist ekki muna hvers vegna hún hafi verið kosin og hafnar að hún hafi verið hávær á starfsmannafundum. Eftir kjörið fór hún að kynna sér málefnið og mæta á fundi hjá verkalýðsfélaginu. „Síðan dregst ég inn í stjórnina, verð varaformaður og síðan formaður.“

Áskorun að tala fyrir framan fólk

Hjördís Þóra tók við í formennsku í verkalýðsfélaginu Jökli á Hornafirði í maí 1993 eftir að Björn Grétar Sveinsson flutti frá Höfn til Reykjavíkur og varð formaður Verkamannasambands Íslands. „Ég man ekki hvort ég þurfti að hugsa mig um. Ég hafði verið varaformaður og mér fannst ég þurfa að taka þetta, ekki geta sagt nei. Þetta var mjög erfitt fyrst. Ég var alltaf hlédræg og átti erfitt með að tala fyrir framan fólk, að halda ræðu var áskorun. Auðvitað vandist það eins og annað en ég þurfti að takast á við sjálfa mig í þessum efnum.“

Hún varð síðan formaður eftir að félögin á suðurfjörðum, frá Stöðvarfirði suður á Hornafjörð, sameinuðust undir merkjum Vökuls árið 1999. Samstarfið hófst með að félögin sameinuðust um að tilnefna fulltrúa í úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta.

Sameiningar sveitarfélaga ýta á sameiningar stéttarfélaga

Á norðurhlutanum höfðu verið sameiningar sem enduðu með því að öll félögin, nema Verkalýðsfélag Reyðafjarðar, sameinuðust árið 2001 í félag sem hét AFL. Það voru síðan sameining Fjarðabyggðar

sem kallaði á þá sameiningu sem var að AFLi eins og það er í dag.

„Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur segir að starfssvæði stéttarfélags skuli aldrei ná yfir minna svæði en heilt sveitarfélag. Þar sem við vorum á Stöðvarfirði varð Fjarðabyggð félagssvæði okkar og sama var að segja um gamla AFL og Verkalýðsfélag

Hjördís Þóra lengst til vinstri situr við hlið Hrafnkels A. Jónssonar á fundi Alþýðusambands Austurlands að lðavöllum árið 1996. Grétar Þorsteinsson, formaður ASÍ, er í ræðustól. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Anna Ingólfsdóttir



„Hann var svona framsýnn en ekki ég“

Hjördís Þóra segist hafa verið efins um hugmyndir um sameiningu verkalýðsfélaga á Austurlandi þegar hún heyrði þær fyrst. „Hrafnkell A. Jónsson flutti tillögu á þingi Alþýðusambands Austurlands um að öll félögin myndu sameinast í eitt. Mér fannst hugmyndin þá galin,“ segir hún. „Ég hugsa oft um þetta. Hann var svona framsýnn en ekki ég. Ég sá þetta ekki fyrir mér á þessum tíma.“

Hjördís lýsir því að rétt hafi verið að taka sameininguna í skrefum. En skrefin eru fleiri en að sameina bara félögin formlega. „Það eru alltaf tvær sameiningar, annars vegar þessi formlega, hins vegar innri sameining. Ég fann hana greinilega þegar við sameinuðum félögin á Suðurfjörðunum. Við sameinuðum félögin að hausti en mér fannst taka ár þar til félagsmennirnir voru farnir að tala um sig sem hluta af heildinni.“

Hjördís segist ekki hafa fundið fyrir sama ferli þegar AFL var sameinað. Hún kveðst heldur ekki heyra marga tala um gömlu félögin í dag. „Margir eru með ræturnar það og eðlilegt að menn tali um þau en það er ekki þannig að menn segist ekki vera í AFLi heldur bara félaginu á Vopnafirði. Almennt held ég líti á AFL sem ein heild og vonandi telja þeir félagið sterka heild. Mér finnst sameiningin hafa gengið upp og vona að það sé upplifun félagsmannsins. Það er það sem skiptir máli.“

Í góðum hópi í Kvinnakórnum. Hjördís Þóra er þriðja frá vinstri á myndinni. Mynd: Sigurður Mar Halldórsson



Lífið utan AFLs

„Ég er í Kvinnakór Hornafjarðar. Ég er auðvitað oft fjarverandi þegar eru æfingar og jafnvel tónleikar en það er mikilvægt fyrir mig að geta kúplað mig út úr öllu til að fara að syngja. Ég lít ekki á mig sem neina stórkostlega söngkonu en þetta er mjög skemmtilegt félagsstarf.

Ég fer líka í göngutúra með hundinn okkar, Poku. Mér finnst skemmtilegt að vera úti í góðu veðri og ferðast.“

Reyðarfjarðar. Á þessum tímapunkti voru komin þrjú sams konar félög sem sama félagssvæði sem er hættulegt. Það er eðlilegt að fólk hafi val en atvinnurekendur geta líka stýrt starfsmönnum inn í það félag sem mestri friðurinn er fyrir ætli þeir sé að brjóta á starfsmönnum.“

Sameiningin tók töluverðan tíma enda margt að ræða. Síðast til að staðfesta sameininguna var Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar. „Reyðfirðingarnir voru dálítið út og inn, við vissum aldrei hvort þeir yrðu með eða ekki en mér fannst grundvallaratriði að þeir yrðu með ef þetta ætti að takast. Mér fannst mikilvægt að sameina félögin í eitt sem yrði fjárhagslega sterkt og bakhjarl félagsmanna. Það er styrkur fyrir félagsmanninn að hafa sterkt félag, það er bæði baráttutæki en líka bakhjarl eins og sást í nýafstöðu sjómannaferkfalli þar sem félagið greiddi út verkfallsbætur.

„Síðast hlustuðum við á sömu ræðuna hjá Þorsteini Víglundssyni viku eftir viku að það væri ekki svigrúm til hækkana.“

Við lögðum upp með að halda úti þjónustu sem víðast og vera sem næst félagsmönnum. Þrátt fyrir tæknina tel ég mikilvægt að vera með þjónustuna sem næst félaganum, ég held að félagsmennirnir vilji það.“

Gamla AFL starfaði á Bakkafirði og því nær félagssvæðið í dag allt norður á Þórshöfn í gegnum Langanesbyggð. Þannig eru tvö verkalýðsfélög í sveitarfélaginu en Hjördís segir samvinnuna ganga vel. Innan þessa stóra svæðis hefur þjónustan gengið betur en hún þorði að vona í fyrstu. „Ég hafði töluverðar áhyggjur af því í byrjun að starfsemin yrði ekki nógu markviss þar sem við værum svo dreifð. Ég vil meina að þetta

gangi þokkalega en það er félagsmannanna að dæma um það.“

Frekari breytingar gætu orðið á félagssvæði AFLs ef hugmyndir um sameiningu Djúpavogshrepps, sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps ganga eftir. „Þá þyrftum við að stækka og Suðurlands næði til Djúpavogs.“

Upp úr 1990 sameinaðist Verslunarmannafélag Hornafjarðar inn í Jökul en Verslunarmannafélag Austurlands sameinaðist VR árið 2008. „Ég tel að það hafi verið slys. Við værum félagslega sterkari með alla verslunarmennina innan AFLs. Félagsgjöldin þeirra sem eru í VR renna auðvitað til Reykjavíkur en það er alltaf horft til okkar en ekki landsfélaganna þegar samfélagsverkefni eru í gangi.“

Hún segist ekki geta spáð fyrir um frekari sameiningar verkalýðsfélaga á landsvísi en bendir á að samstarf hafi aukist með eftirliti með vinnustaðaskírteinum þar sem félögin hafi sameinast um að ráða starfsmenn. „Mér kæmi ekki á óvart að það yrðu frekari sameiningar.“

Ekki bara þekkingarleysi á Kárahnjúkum

Aðspurð segir Hjördís að fæstir atvinnurekendur ætli sér að brjóta á starfsfólki. „Flestir vilja hafa hlutina í lagi og starfsfólkið ánægt. Margir sem eru að byrja í rekstri skortir kannski þekkingu og það verður misskilningur en svo erum við með menn með virðist andskotans sama hvernig hlutirnir eru. Mér finnst kannski meira um að það sé verið að reyna að svína á fólki með að ráða sjálfbóðaliða í störf sem samkvæmt kjarasamningum eru launuð.“

Þar hefur einkum verið rætt um ferðaþjónustuna og landbúnaðinn. Hjördís segir brotin einkum beinast að erlendum starfsmönnum sem ekki þekki íslenskan vinnumarkað og eigi erfitt með að lesa sig í gegnum kjarasamningana.

Þegar AFL var sameinað voru stóriðjuframkvæmdirnar á lokametrunum á Reyðarfirði og Kárahnjúkum. Um haustið skaut AFL skjólshúsi yfir lettneska starfsmenn GT-verktaka sem höfðu verið hlunnfarnir um laun. Átökin urðu afar hörð en lauk með að GT-verktakar voru dæmdir til að greiða starfsmönnum milljónir í vangoldin laun. Upptök málsins voru þau að full rúta fór út af á leið niður af Fljótsdalsheiði. „Það kom í ljós að fæstir

þeirra voru til í landinu – hvers konar vinnubrögð eru það?“

Hjördís segir framkvæmdirnar við Kárahnjúka hafa markað ákveðin kaflaskil í íslenskri verkalýðsbaráttu þar sem hún hafi verið fyrsta stóra framkvæmdin þar sem upp hafi komið vandamál með undirverktaka og starfsmannaleigur, mál sem mikið er í umræðunni í dag og reynt er að taka á með keðjuábyrgð þar sem verkkaupi ber ábyrgð á undirverktakanum.



Hjördís Þóra ræðir við sjómenn á fundi.

Verst að fá engar skammir

Fundir í verkalýðshreyfingunni geta oft verið heitir. Við fylgdum Hjördísi Þóru á kynningarfund nýverið þar sem kjarasamningur sjómanna var kynntur. Þar voru forsvarsmenn verkalýðsfélagsins meðal annars sakaðir um að hafa sviðið félagsmennina og gengið útgerðarmönnum á hönd. „Ég var ekki í framvarðarsveitinni á þessum fundi en var þeim til halds og trausts,“ segir hún.

Þótt samningamenn félagsins kynntu samninginn braut líka á formanninum. Hjördís segir það hluta af starfinu. „Þetta var mjög erfitt fyrst en ég er auðvitað komin með þykkan skráp, oftast finnst mér þetta skemmtilegt.

Það er eðlilegt að vera skammaður blóðugum skömmum þegar farið er með kjarasamning í kynningu sem legið hefur verið yfir mánuðum saman en endar ekki eins og lagt var upp með heldur með málamiðlun. Fólk þarf að ausa úr sér, það er ónægt með samninginn eða eitthvað á vinnustaðnum. Við erum oft stuðpúðinn fyrir slíkt.

Síðast þegar við fórum með samninginn af almenna markaðinum í kynningu hafði ég mestar áhyggjur af því að ég fékk engar skammir. Það veldur óöryggi og óvissu um hvar maður stendur.“



Hvernig hefur þú nýtt þér þjónustu AFLs?



Jónas Þorsteinsson

– bílstjóri, Reyðarfirði

„Við höfum leigt íbúðir og keypt okkur gistingu sem er mjög sniðug leið til þess að fá ódýra gistingu. Mér finnst þessi þjónusta skipta miklu máli, bæði varðandi orlofsmál sem og gott er að fá upplýsingar hjá AFLi um allt sem snýr að launamálum.“



Pálmi Fannar Smáráson

– sjómaður, Djúpvaggi

„Ég nota íbúðirnar í Reykjavík og sumarbústaðina. Það er helvíti gott að hafa aðgang að þessu.“

Hjördís Þóra og
Þoka í göngutúr á
Fljótsbakka.



Í mörg starfanna á Kárahnjúkum komu ekki bara erlendir starfsmenn heldur líka fyrirtæki. „Þau þekkjá kannski ekki til íslenska umhverfisins og það er spurning hvort þau vilji það. Sumt af því sem gerðist uppi á Kárahnjúkum var meira en bara þekkingarleysi.

Mín upplifun var bara að það átti að keyra þetta allt í gegn, sama hvað. Það var allt gert í svo miklum flýti. Verkalýðshreyfingin hér heima var í deilum við Vinnuálastofnun út af réttindum starfsmanna og atvinnuleyfum. Menn virtust gefa skít í starfsmennina og þeirra aðbúnað.“

Það er ekki bara AFL sem fagnar tíu ára afmæli í ár heldur líka álverið á Reyðarfirði. „Þar hefur byggst upp traustur vinnustaður og ég hefði ekki viljað horfa til árána eftir hrun ef við hefðum ekki haft álverið með trausta vinnu á svæðinu.“ Samskiptin við álverið hafa líka verið fín. „Fyrstu samningarnir voru gerðir áður en ég kom en að þeim kom stór samninganefnd og þeir tóku langan tíma. Síðan hefur verið samið tvisvar og traust hefur byggst upp milli aðila í viðræðum.“

Bara horft á lágmarkslaunin

Síðustu misseri hefur talsvert verið rætt um starfsmannamál í ferðaþjónustunni, bæði þar sem fyrirtæki í greininni hafa reynt að notfæra sér sjálfbóðaliða en líka af því einn og einn atvinnurekandi hefur brotið á starfsmönnum sínum. Staða greinarinnar er mismunandi innan félagssvæðis AFLs. Á Hornafjarðarsvæðinu er greinin stór og litlar sveiflur milli árstíða en það breytist þegar norðar kemur.

„Það voru gríðarlega miklar hagsbætur fyrir okkar félagsmenn að fá hluta af sínu námi endurgreitt.“

„Þegar fyrirtæki er bara rekið hluta úr ári þá grípur það ekki upp starfsmennina af svæðum svo það er mikið sótt í erlent starfsmenn. Annars skiptist þetta, sumir eru með blandaða vinnustaði, aðrir bara með erlent starfsfólk.

Uppbyggingin í greininni hefur verið gríðarlega hröð. Launin eru lág og það er gríðarlega mikil vinna hjá þeim sem starfa í þessu umhverfi. Ég minni alltaf á að kjarasamningar eru þannig uppbyggðir að við semjum um lágmarkskjör en síðan er það starfsmanna og vinnuveitenda að semja um frekari kjör. Í ferðaþjónustunni er

eiginlega bara horft á lágmarkslaunin þegar verið er að ráða fólk og þótt þau séu lág þá er einhverjum sem finnast þau of há, því miður.“

„Fáum bara nei og nei“

Að baki kjarasamningum er gríðarlega mikil vinna. Hjá verkalýðsfélögunum er byrjað á að ræða við félagsmenn hvers félags um hvað þeir vilji sjá í næstu samningum. Félögin eru nokkur saman, í tilfelli AFLs oftast undir merkjum Starfsgreinasambandsins, og næsta skref er að forsvarsmenn félaganna koma sér saman um hvaða óskir eigi að leggja mesta áherslu á. Síðan er sest niður með talsmönnum atvinnurekenda.

„Í síðustu samningum byrjuðum við viðræður í september. Það er gerð viðræðuáætlun og viðræður eiga að fara fram samkvæmt henni en það gerist ekki neitt. Síðast hlustuðum við á sömu ræðuna hjá Þorsteini Viglundssyni (þáverandi framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins) viku eftir viku að það væri ekki svigrúm til hækkana. Það var ekki fyrir en verkfall vofði yfir að eitthvað fór að gerast.

Starfsgreinasambandið er með hóp um hverja starfsgrein en þótt við séum með marga hópa splæsa atvinnurekendur ekki of mörgum mönnum í vinnuna, einn maður er kannski með marga hópa og þess vegna gengur þetta hægt. Auðvitað upplifir maður að það megi engu breyta, við fáum bara nei og nei, að þetta sé hvorki hægt né hitt.

Fyrst á að ræða aðra hluta samninganna en kaupkröfurnar en við fáum svör hinu megin frá að það sé ekki hægt að reiða aðra hluta fyrir en búid sé að ræða kaupið. Það er oft pressa og gríðarleg spennan á lokametrunum en það næst alltaf samningur fyrir rest.“

Klíkur eftir þjóðernum

Að mati Hjördísar eru starfsmennta-sjóðirnir, sem urðu til eftir kjarasamninga



Á þingi Alþýðusambands Austurlands árið 1995.
Frá vinstri: Krístrún Eiríksdóttir, starfsmaður þingsins, Hjördís Þóra og Hallsteinn Friðþjófsson.
Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Austri

um aldamótin, eitt stærsta atriðið sem komið hefur út úr kjarasamningum þau ár sem hún hefur verið formaður í verkalýðsfélagi. „Ég hef oft sagt að þeir séu einn mikilvægasti áfanginn sem við höfum náð fyrir okkar félagsmenn. Það voru gríðarlega miklar hagsbætur fyrir okkar félagsmenn að fá hluta af sínu námi endurgreitt og það vex alltaf aðsóknin í þessa sjóði.“

Verkefni verkalýðsfélaganna hafa líka orðið fleiri og flóknari um leið og vinnustaðirnir hafa breyst. Starfsmenn verkalýðsfélaganna finna það meðal annars þegar þeir heimsækja vinnustaði í eftirliti út af vinnustaðaskírteinum. „Áður komstu inn á vinnustað og gast talað við alla. Það er ekki lengur hægt út af tungumálaörðugleikum. Vinnustaðirnir eru líka gjörbreyttir því það tala ekki allir saman, það eru hópar eftir þjóðernum sem

„Þótt við séum með kjarasamninga sem segja til um ákveðin réttindi virðist alltaf þurfa að vinna í þessum málefnum.“

ég held að sé mjög slæmt. Mörg frystihúsin eru orðin að verksmiðjum sem ganga allaf og svo skiptast starfsmennirnir á í pásam eftir kerfi, þannig þeir eru ekki allir á sama stað í einu og þar með verða samskiptin minni. Í ferðþjónustunni er ekki auðvelt að ná til fólks, þar virðist allt á hvolfi og allir á útöfnu.“

Tæknivæðingin hefur orðið til þess að störfum í fiskvinnslunni hefur fækkað. Hjördís á von á að sú þróun haldi áfram og breiðist yfir á fleiri svið. „Ég held að tæknin eigi eftir að taka við fleiri störfum þannig störfin snúast um að halda utan um og stýra tækninni. Verkamannastörf eru að hverfa og eins fækkar í þjónustunni. Ég held að menn verði að halda halda vöku sinni gagnvart tækniþróuninni til að geta haldið í við hana“

Alltaf einhverjir sem lenda undir

Hjördís er formaður AFLs í fullu starfi sem þýðir að hún mætir til vinnu á skrifstofu félagsins að morgni dags, oftast á Hornafirði en stundum á öðrum starfsstöðvum ef þess er þörf. Formennskunni fylgja mikil ferðalög út um stórt félagssvæði og stundum út fyrir það. „Ég veit aldrei þegar ég mæti í vinnuna hvað ég er að fara að gera þann daginn. Það er kannski plan en það kemur eitthvað sem þarf að fara í. Það er alltaf nóg að gera og ný og spennandi verkefni.“

Þörfin til að standa vörð um réttindi fólks virðist það sem drífur Hjördísi Þóru áfram. „Þú þarft að hafa áhuga á þessu, að reyna að koma í veg fyrir að brotið sé á réttindum fólks.“ Hún starfaði um tíma að neytendamálum og var á framboðslista Samfylkingarinnar í þingkosningum en segir að sjaldnast hafi verið pláss fyrir mikið meira en verkalýðsfélagið.

„Mér finnst mikilvægast að halda alltaf vöku sinni í réttindamálum launafólks. Þótt við séum með kjarasamninga sem segja til um ákveðin réttindi virðist alltaf þurfa að vinna í þessum málefnum. Það virðast alltaf vera til hópar sem lenda í minnihluta, til dæmis þeir sem ekki tala íslensku. Ég held að Íslendingar séu betur settir á íslenskum vinnumarkaði en þeir koma erlendis frá.“

Hún segir það hafa verið gríðarlegan skóla að standa í forsvari fyrir verkalýðsfélagið. Það er kannski ekki ósvipað staðnum þar sem sumarbústaðurinn hennar stendur á Fljótsbakka, útsýnið gott og oft gustar um. „Maður hefur samskipti við fólk úr ólíkum hópum og það er skemmtilegt að fá innsýn á sjónarmið fólks. Þótt maður sé ekki alltaf sammála. Það er líka viðfangsefni að nálgast ákveðna hópa sem vinna hér. Þeir treysta ekki endilega verkalýðsfélaginu því í Austur-Evrópu var hreyfingin hluti af kerfinu og þeir sem þaðan koma treysta okkur ekki endilega í fyrstu.“

Ungir Austfirðingar



Spurning: „Hvernig sérðu þig fyrir þér á vinnumarkaði árið 2030?“

Elísabet Erlendsdóttir

Fæðingarár: 1992

Búseta: Reykjavík/Egilsstaðir

Menntun: B.Sc. gráða í

rekstrarverkfræði frá

Háskólanum í Reykjavík

Starf: Verslunarstjóri í Gallerí 17, Smáralind. Flugfreyja hjá WOW í sumar.

Fyrsta sem ég hugsaði var að ég yrði við störf sem verkfræðingur erlendis. Ég fæ sömu laun og karlmennirnir sem hafa sömu menntun og vinna sömu vinnu því glerþakið hefur brotnað og búið er að fylla upp í launabilið. Draumurinn væri að búa á Íslandi, líða vel og ganga vel en miðað við hvernig staða ungs fólks á landinu er í dag, þá með tilliti til húsnæðismarkaðs og atvinnutækifæra, þá er ég farin að horfa til atvinnutækifæra erlendis. Mér og mörgum

jafnöldrum mínum hefur ekki gengið vel að fá vinnu við hæfi, tengt námi og fyrri reynslu, hvort sem það er í heimabyggð eða á höfuðborgarsvæðinu. Mig langar ekki að festast í fátæktargildru leigumarkaðsins því ég hef námslán á bakinu og ekki launin sem þarf til að komast í gegnum greiðslumat til að eiga möguleika á að eignast eigið húsnæði. Stjórnvöld - þið hafið 13 ár til að sýna mér að áhyggjur mínar eru ekki á rökum reistar!

Valgeir Sveinn Eypórsson

Fæðingarár: 1994

Búseta: Egilsstaðir

Menntun: Grunnskólapróf

Starf: Framleiðslu-
starfsmaður hjá MS.

Tæknin mun á næstu 30 árum minnka mikið eftirspurn eftir

fólki með minna sérhæfða starfskunnáttu og véltækni mun taka yfir mikið af þeim störfum sem nú eru unnin af ófaglærðu fólki. Eftirspurn eftir forriturum og öðru tölvulærðu fólki hefur aukist mikið seinustu ár og mun sennilega aukast meira þegar frá líður.

Hólmar Bjarki Wiium Bárðarson

Fæðingarár: 1992

Búseta: Vopnafjörður

Menntun: Vélvirki

Starf: Vélvirki hjá Bílum og vélum

Ég held að staðan verði góð, nóg að gera. Ég held að við vélvirkjarnir séum í finum málum. Það er mikil gróska í nýsmíði og hönnun. Ég er yfir höfuð bjartsýnn fyrir hönd iðnmenntafólks. Ég hef meiri áhyggjur af öðrum.

Emma Björk Hjálmarsdóttir

Fæðingarár: 1992

Búseta: Reyðarfjörður

Menntun: BA-gráða

í listfræði með bókmenntafræði sem aukagrein og diplómagráða í hagnýtri jafnréttisfræði.
Starf: Framleiðslustarfsmaður hjá Alcoa Fjarðaál

Það fer eftir því hvort ég verði ennþá hugsjónamanneskja sem lærir bara það sem henni finnst gaman og áhugavert eða hafi lært eitthvað praktískt líka. Hvort það verði kynjafræði, félagsfræði eða kennararéttindin sem muni heilla mest. Í draumaheimi er ég vinna við eitthvað skapandi, vonandi sem listrænn stjórnandi.

Fólkið í íbúðunum



„Við erum sannkölluð AFL-fjölskylda“

Hjónin Ásta Svandís Jónsdóttir og Þórarinn Ásmundsson frá Egilsstöðum eru bæði meðlimir í AFLi og segja að þjónusta félagsins skipti þau miklu máli, sérstaklega hvað orlofsíbúðir varðar.

Þegar blaðamaður bar að garði í lok febrúar var glatt á hjalla og mikið fjölmenni í einni íbúð AFLs í Stakkholti í Reykjavík en þar voru þau Ásta Svandís og Þórarinn ásamt dætrum sínum tveimur og fjölmörgum gestum.

„Við ætluðum nú bara að vera hérna fjögur en dætur okkar eru að fara á fimleikamót um helgina. Svo gerðist það að frænka Þórarins átti að fara í íbúð sem búið var að tvíboka, þannig að hún var á götunni og við tókum hana að sjálfsgöðu inn,“ segir Ásta Svandís en vill taka fram að ekki var um íbúð frá AFLi að ræða.

Umrædda helgi lágu flugsamgöngur milli Egilsstaða og Reykjavíkur niðri, auk þess sem í Reykjavík féll mesti jafnfallni snjór frá upphafi mælinga. Óvæntir gestir héldu því áfram að hrannast inn í Stakkholtið.

„Vegna veðurs þurfti ein fimleikamóðirinn og dætur hennar að koma fyrir frá Egilsstöðum og voru ekki með samastað í Reykjavík þannig að auðvitað voru þær teknar inn líka. Þannig að við bara útbjuggum gistihús, enduðum tólf í íbúðinni, ein fjölskylda í hverju herbergi,“ segir Ásta Svandís og skellihlær og þykir þetta ekkert tiltökumál.

Sonurinn duglegur að nýta félagið

Ásta Svandís segist hafa verið í AFLi frá því hún fyrst gekk í stéttarfélag.

„Við hjónin erum í AFLi, sonur okkar einnig og dóttir var það líka meðan hún bjó á landinu, þannig að við erum sannkölluð AFL-fjölskylda. Ég notfæri mér þjónustu félagsins þó ekki mikið fyrir utan íbúðaleigu en við reynum alltaf að fá íbúð þegar við förum til Reykjavíkur eða Akureyrar. Þórarinn hefur nýtt sér líkamsræktarstyrkinn og fleira. Sonur okkar er í námi og hefur bæði fengið náms- og ferðastyrki frá félaginu og það skiptir gríðarlega miklu máli.“

Vill sjá enn fleiri íbúðir

Þegar Ásta Svandís er innt eftir því hvort eitthvað megi betur fara sem að félaginu snýr að hennar mati segir hún; „Það væri þá bara helst að bæta við íbúðum en þótt þær séu nokkuð margar dugar það ekki til. Við erum til dæmis að fara á fimleikamót norður í maí og fengum ekki íbúð þrátt fyrir að hafa athugað það með margra mánaða fyrirvara. Einnig eru bílastæðamálin frekar erfið, í það minnsta hérna í Stakkholti. Það er erfið að fá gesti því það er aðeins eitt stæði í íbúð í bílakjallaranum og ekkert við húsið.“

Annars erum við mjög sæl með þetta og þessi þjónusta skiptir okkur miklu máli. Leigan er viðráðanleg og hér er allt til alls og hvorki þarf að koma með rúmföt eða handklæði.“



Hvernig hefur þú nýtt þér þjónustu AFLs?



Íris Dögg Hákonardóttir

– leiðbeinandi í Leikskólanum
Bjarkatúni á Djúpavogi,
Djúpavogi

„Ég hef helst notfært mér orlofsíbúðir AFLs. Þegar maður er í 50% starfi og 100% fjarnámi skiptir höfuðmáli að hafa aðgang að ódýru húsnæði nærri háskólanum mínum, ásamt auðvitað frábærum kosti fyrir sumarfrí með fjölskyldunni.“

Fólkið í íbúðunum



Beðið eftir barninu

Friðrik Jónsson og Nanna Imsland nýttu sér íbúðir AFLs í Stakkholti þegar þau biðu eftir öðru barni sínu í janúar. Lítið mál var að lengja dvölinna þegar barnið lét bíða eftir sér.

„Við fjölskyldan pöntuðum okkur íbúð í Reykjavík í lok desember og fram í janúar,“ segir Friðrik. „Þegar við pöntuðum íbúðina létum við vita að hugsanlega þyrftum við að framlengja dvölinna því kannski léti barnið bíða eftir sér. Það var lítið mál og ég var beðinn um að hafa samband þegar hlutirnir skýrðust.“

Svo fór að krakkinn lét bíða eftir sér í nokkra daga og þurftum við því að framlengja dvölinna. Þegar ég hafði samband við Afl til

að framlengja var það hið minnsta mál. Við gátum ekki verið í sömu íbúð en fengum aðra íbúð á sömu hæð svo það var lítið mál að færa sig á milli. Samtals vorum við í 16 daga.“

Friðrik segir að fjölskyldunni hafi líkað dvölin vel, íbúðirnar væru vel staðsettar og sá sem þjónustaði þær hefði verið mjög almennilegur. Mesti ókosturinn hefði verið að enginn bílastæði væru fyrir gesti en það hefði allt blessast. Þar sem félagskortin virka sem aðgangsslyklar þurftu Friðrik og Nanna að skipuleggja sig vel þar sem hún er í öðru stéttarfélagi.

„Annars er ég mjög sáttur með íbúðirnar og þjónustu AFLs. Við fjölskyldan nýtum pottþétt þessa þjónustu oft í náinni framtíð.“

Fólkið í íbúðunum



Skiptir máli að geta verið út af fyrir sig

Ingólfur Sigfússon er einn af þeim sem hefur nýtt sér íbúðir AFLs gegnum tíðina og segir þær skipta sig og fjölskyldu sína miklu máli.

„Ég hef verið í AFLi eða félagi því tengdu nánast alla mína tíð en það hefur löngum verið ljóst hve miklu máli skiptir að vera í góðu félagi sem hægt er að leita til og fá faglegar ráðleggingar. Ég hef til dæmis nýtt mér lögfræðisþjónustuna og verið sáttur með hana,“ segir Ingólfur.

Ingólfur, sem er fiskeldisfræðingur og starfar hjá Arnarlaxi, segir að hann og kona hans

nýti sér íbúðir AFLs tvisvar til sex sinnum á ári hverju. „Mest höfum við verið í þeim þegar við höfum farið í læknisheimsóknir og auðvitað einnig til þess að hitta ættingja. Að mínu mati skiptir það gríðarlega miklu máli að geta fengið íbúðir sem þessar og vera út af fyrir sig í stað þess að ónáða ættingja.“

Ingólfur segist almennt ánægður með íbúðirnar og staðsetningin á þeim sé fin en það er þó eitt sem hann hefur út á þær að setja: „Það sem mér finnst verst er hve erfitt er fyrir hreyfihamlaða að komast leiðar sinnar, það hefðu þurft að vera rými stæði, allavega fyrir sjúkraíbúðirnar.“



Hvernig hefur þú nýtt þér þjónustu AFLs?



Sandra Björk Steinarsdóttir

– nemi í Menntaskólanum á Egilsstöðum, Egilsstöðum

„Ég hef nýtt mér endurgreiðslu á líkamsræktarkortum og leigt íbúðir gegnum félagið. Þjónustan skiptir mig miklu máli.“

Rósmarý Dröfn Sólmundardóttir

– verslunarmaður í Brekkunni, Stöðvarfirði

„Ég hef til dæmis leigt sumarbústað og fæ alltaf góð og greinileg svör við þeim spurningum sem ég hef spurt. Þjónustan skiptir miklu máli. Ef ég er ekki viss um eitthvað atvinnutengt þá hringi ég hiklaust.“

Fólkið í íbúðunum



Rúmgóðar og kósý

Anna Lilja segir að að sínu mati sé það mjög mikilvægt að hafa möguleika á að leigja íbúðir AFLs. „Nú þegar ég er komin með fjölskyldu er það ómetanlegt, það getur verið mjög þröngt á hótélherbergi eða hjá ættingjum þegar það er komin heil fjölskylda.“

Anna Lilja er ánægð með íbúðirnar að bílastæðamálanum undanskildum. „Þær eru mjög kósý og þægilegar, rúmgóðar og finar. Mjög fínt að hafa eldhús svo maður getur eldað sjálfur en þarf ekki að kaupa tilbúinn mat í öll mál. Það er nauðsynlegt að hafa þvottavél þegar maður á lítið barn og er í vikufrii í Reykjavík og auðvitað er þvottavél í íbúðinni. Rúmgott og fínt baðherbergi, öll íbúðin er bara æðisleg og mjög gott að vera í Stakkholtinu. Bílastæðamálin mættu hins vegar vera betri, það fylgir aðeins eitt stæði hverri íbúð í í bílakjallara og þar af leiðandi ekkert stæði fyrir gesti eða ef það eru fleiri en einn í íbúðinni sem eru á bíl. Það mætti aðeins huga að því.“

Missti vatnið í Stakkholtinu

Hjónin Anna Lilja Gestsdóttir og Þorleifur Haukur Sigurðsson á Hornafirði eru dugleg að nýta sér íbúðir AFLs. Eitt skiptið er þeim eftirminnilegra heldur en önnur.

Síðastliðið sumar héldu Anna Lilja og Þorleifur Haukur til Reykjavíkur þar sem sonur þeirra, Brynjar Gestur, var væntanlegur í heiminn þann 15. júlí.

„Við mættum á svæðið föstudaginn 8. júlí og áttum yndislega daga í rólegheitum og bið fram að fæðingunni í íbúð í Stakkholtinu en drengurinn okkar kom svo í heiminn 13. júlí. Ég sem sagt byrjaði að missa vatnið í

íbúðinni og gekk í gegnum fyrstu hriðarnar þar. Ég hefði ekki viljað vera á hóteli í þessu ferli né inn á ættingjum svo að íbúðirnar í Stakkholti eru æðislegar fyrir þetta – að vera út af fyrir sig en ekki í litlu hótélherbergi sem er svo yfirleitt dýrara, en leigan er alls ekki há,“ segir Anna Lilja.


Litla fjölskyldan eyddi fyrstu sólarhringunum einnig saman í Stakkholtinu. „Þá var þetta enn betra þar sem þetta var bara eins og heima hjá okkur. Það er ekki spennandi að vera hóteli með dagsgamalt barn, hvað þá þegar maður þarf að vera fyrir sunnan nokkra daga að fæðingu lokinni.“



STARFSGREINAFÉLAG

Til góðra verka

10 ár!



Andlitin á bak við AFL



Guðrún Aradóttir

Starfsheiti: Starfsmaður

Starfsstöð: Djúpvogur

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Tíu ár og er nú í 15% starfi.

Í hverju felst starfið: Starfið felst í því að aðstoða félagsmenn eftir bestu getu, ég til dæmis kynni flugkóða og orlofskosti, auk þess að koma að þrífum á eigninni.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið: Mér finnst skemmtilegast þegar mikið er að gera, það er mjög gott að vinna hjá Afli.

Eftirlætisstaður á Austurlandi og af hverju: Tvímælalaust Djúpvogur, það er eitthvað svo heillandi við landið hér, fjöllin og sandana. Og fólkíð hér er ein stór fjölskylda en sjálf er ég aðflutt frá Reykjavík.

Ef þú gætir breytt einhverju í heiminum, hvað væri það: Loka á öll þessi stríð og manndráp. Einnig vildi ég að allir fengju að borða.



Gunnar Smári Guðmundsson

Starfsheiti: Sérfræðingur II, umsjónarmaður orlofsíbúða og tengiliður við trúnaðarmenna

Starfsstöð: Vopnafjörður

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Ég hóf störf 2001 og fylgdi síðan með í samrunanum.

Í hverju felst starfið: Í almennri þjónustu við félagsmenn og sem umsjónarmaður orlofsíbúða að fylgjast með því að orlofskerfið virki á sem bestan hátt. Vera

tengiliður við trúnaðarmenn, halda utan um skráningu þeirra, setja upp námskeið og fundi með þeim ásamt ýmsu öðru. Þá er ég einnig eftirlitsfulltrúi vinnustaðaskírteina.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið: Ég hef mikla ánægju af samskiptum við fólk og þetta starf gefur mér mikil tækifæri til þeirra. Mikil ferðalög geta fylgt þessu og þá helst vegna starfa minna sem eftirlitsfulltrúi vinnustaðaskírteina og eru þeir ófáir staðirnir sem ég hef heimsótt á okkar svæði.

Hvað gerir þú í frístundum: Syng með karlakór Vopnafjarðar, spila í hljómsveitarbræðingi hér á Vopnafirði og spila badminton yfir vetrartímann. Þá ferðumst við hjónin töluvert á sumrin á litla húsbílnum okkar.



Sverrir Mar Albertsson

Starfsheiti: Framkvæmda-

stjóri AFLs Starfsgreinafélags

Starfsstöð: Mínar meginstarfsstöðvar eru á Egilsstöðum og Reyðarfirði og reyni ég að skipta mér þar á milli. Annars fer það talsvert eftir verkefnum hvar ég sit hverju sinni.

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Hóf störf hjá AFLi 1. júlí 2005.

Í hverju felst starfið: Verkefni mín eru yfirleitt allt sem félagið þarf að gera, sem framkvæmdastjóri félagsins er ég þannig ábyrgur fyrir að verkefni þess séu unnin og starfsemin gangi snurðulítið.

Uppáhaldsmatur: Ég þykist hafa náð góðum tókum á því að elda Ribeye og nautafilé – en til þess keypti ég mér Sous Vide-græju þannig að ég get „lang soðið“ kjötið við t.d. 54 gráður þannig að það verður fullkomlega „medium rare“. Ég hef verið að gera tilraunir með Risotto og stefni að því að fullkomna Carbonara-uppskriftina mína. Annars hættir mér til að ofgera í eldamennsku eins og öðrum dellum. Það sem ég passa að sé alltaf til í ískápnum og helst í magni er rjómi, smjör og beikon. Ef þetta er til er hægt að gera allan mat góðan.

Mér finnst alltaf maturinn minn góður og sem betur fer finnst konunni það oftast – eða

svo segir hún – þannig að það er lítið um kvartanir við matarborðið. En svo eldar hún lambahrygginn, humarinn og hreindýrabollurnar þannig að ég er ekki einn um eldamenskuna á heimilinu.



Ásdís Sigurjónsdóttir

Starfsheiti:

Starfsendurhæfingarráðgjafi Virks Endurhæfingarsjóðs á Austurlandi. Starfsstöð hjá AFLi Starfsgreinafélagi.

Starfsstöð: Egilsstaðir og Reyðarfjörður

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Frá fyrrihluta árs 2013



Guðbjörg Ómarsdóttir

Starfsheiti: Sérfræðingur I

Starfsstöð: Höfn

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Ég hef starfað í 11 ár hjá AFLi.

Í hverju felst starfið: Ég geri allt sem ég get en sé aðallega um skilagreinar og símann og tek á móti félagsmönnum.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið: Mér þykir skemmtilegast að hafa samskipti við félagsmenn.

Hver er þinn helsti kostur: Dugleg og brosmild, vil gera allt sem ég get og má fyrir félagsmenn.

Ef þú fengir að hitta hvaða persónu sem er úr mannkynssögunni, hver yrði fyrir valinu: Elvis Presley.



Þorbjörg Pála Pétursdóttir

Starfsheiti: Almennur starfsmaður

Starfsstöð: Reyðarfjörður

Í hverju felst starfið: Símsvörun og skráningum.
Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Tvö og hálf t.ár.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið: Mannleg samskipti og hve starfið er lifandi.



Sigurbjörg Kristmundsdóttir

Starfsheiti: Sérfræðingur II

Starfsstöð: Reyðarfjörður

Í hverju felst starfið: Starfsmaður sjúkrasjóðs og almenn störf.

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Tíu ár hjá AFLi Starfsgreinafélagi og þar áður hjá Afli Starfsgreinafélagi Austurlands frá 2001.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið: Fræðandi og skemmtileg verkefni oft á tíðum.

Hvað gerir þú í frístundum: Ég er nú hálfgerður spilafíkill.



Lilja Björk Ívarsdóttir

Starfsheiti: Sérfræðingur II

Starfsstöð: Seyðisfjörður og Egilsstaðir

Í hverju felst starfið: Ég er gjaldkeri og sé um orlofshúsin og almenn störf.

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Ég byrjaði í febrúar 2007.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið: Hversu fjölbreytt það er og að hitta félagsmennina. Samstarfsfólkið er yndislegt; gæti ekki hugsað mér betra og skemmtilegra samstarfsfólk.

Hvað gerir þú í frístundum: Þrjóna og horfi á glæpaþætti.

Draumastaður í heiminum: Hjörsey á Mýrum og Snæfjallaströnd.

Sigríður Bergþórsdóttir

Starfsvið: Ræstingar

Í hverju felst starfið: Sjá um skrifstofurnar hjá AFLi á Egilsstöðum.

Hvað gerir þú í frístundum: Les bækur og þrjóna.

Þinn helsti kostur: Vandvirkni og heiðarleiki.

Þinn helsti ókostur: Sennilega að geta ekki sagt nei.

Hvaða kosti í fari einstaklinga kanntu helst að meta:

Hreinskilni og heiðarleika.

Dulinn hæfileiki: Get gert flest sem ég ætla mér.



Ingibjörg Sigurðardóttir

Starfsstöð: Neskaupstaður

Starfsheiti: Sérfræðingur II

Í hverju felst starfið: Færi fjárhags- og launabókhald, ásamt daglegri þjónustu við félagsmenn.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið: Hvað það er fjölbreytt, að hitta félagsmenn og vera í góðu sambandi við samstarfsfólk.

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Ég hóf störf 1997 hjá Verkalýðsfélagi Norðfirðinga,

síðan Afli Starfsgreinafélagi Austurlands og árið 2007 hjá AFLi Starfsgreinafélagi.

Hvað gerir þú í frístundum: Fer í sund, aðallega heita pottinn, les góða bók og spila við dótturdótturina.

Uppáhaldsmatur: Humar, nýveiddur koli, steiktur eða soðinn, og yfirleitt allt sjávarfang.

Eftirlætisstaður á Austurlandi: Norðfjörður minn heimabær en þar hef ég nálægð við fjöllin og sjóinn sem og þaðan á ég mínar bestu minningar.



Hjördís Ólafsdóttir

Starfsheiti: Verkefnastjóri í bókhaldi.

Starfsstöð: Egilsstaðir

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Rúmt ár.

Í hverju felst starfið: Að vinna að innleiðingu á nýju bókhaldskerfi og þróun bókhalds og samþættingu við starfsemi félagsins ásamt ýmsum daglegum verkefnum sem snúa að bókhaldi.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið: Að leysa tæknileg verkefni og sjá verkefni þróast og ganga upp.

Hver er þinn helsti kostur: Ég er jákvæð og alltaf tilbúin til þess að læra eitthvað nýtt.

Hver er þinn helsti ókostur: Get verið fljót á mér og er nokkuð þrjós.

Hvaða kosti í fari einstaklinga kanntu helst að meta: Virðingu og traust.

Ef þú gætir breytt einhverju í heiminum, hvað væri það: Að allir einstaklingar hefðu möguleika á að framfleyta sér, sama hvar þeir eru fæddir í heiminum.



Erla Jónsdóttir

Starfsheiti:

Starfsendurhæfingarráðgjafi Virks Endurhæfingarsjóðs á Austurlandi. Starfsstöð hjá AFLi Starfsgreinafélagi.

Starfsstöð: Egilsstaðir og Reyðarfjörður aðallega, en starfa á öllu svæði AFLs, frá Vopnafirði til Hafnar.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið? Það er fjölbreytt og skemmtilegt, ég hef gaman af samskiptum við fólk.

Hvað gerir þú í frístundum: Ég hef gaman af því að dunda mér í gróðurhúsinu mínu í sveitinni minni sem er líklega einnig eftirlætisstaðurinn minn á Austurlandi.

Ef þú gætir breytt einhverju einu í heiminum, hvað væri það: Að skapa frið á jörð.



Gosia Libera

Starfsheiti: Sérfræðingur I

Í hverju felst starfið:

Afgreiðslu menntastyrkja, einnig almennri þjónustu við félagsmenn.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið: Mér finnst skemmtilegt að tala við fólk, aðstoða og sjá sigra.

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFLi: Níu ár.

Eftirlætisstaður á Austurlandi: Hallormsstaðaskógur, Atlavík.

Það minnir mig á heimahaga í Póllandi.

Draumastaður í heiminum: Í dag, Eskifjörður.

Mesta undur veraldar: Norðurljós



Karina Barbara Garska

Starfsheiti: Umsjónarmaður námsvers

Starfsstöð: Reyðarfjörður

Hvað hefur þú starfað lengi hjá AFL: Fimm ár.

Í hverju felst starfið: Sjá um húsið eins og heimili, taka vel á móti fólki og hjálpa því. Ræstingar, innkaup, bóka salí, veitingar, viðhald og fleira.

Hvað gerir þú í frístundum: Útivist, göngutúrar í falllegu útsýni. Lestur, ég er í Kvenfélaginu og sjálfbodastarf á borð við Rauða krossinn og sóknarnefnd.

Uppáhaldsmatur: Það er erfitt að segja, hvað er ekki minn uppáhaldsmatur? Íslenskur

matur er minn uppáhalds en ég kann ekki ennþá að meta hákarl og skótu.



Þorkell Kolbeins

Starfsheiti: Verkefnisstjóri

Starfs svið: Túlkun kjarasamninga, félagaskrá og fleira.

Starfsstöð: Höfn



Valborg Jónsdóttir

Starfstíttill: Verkefnisstjóri

Starfs svið: Tölvu- og tæknimál

Starfsstöð: Reyðarfjörður




Eyrún Steindórsdóttir

Starfssvið: Ræstingar

Starfsstöð: Höfn



Hvernig hefur þú nýtt þér þjónustu AFLs?



Rebekka Rán Egilsdóttir

– leiðtogi hjá Alcoa Fjarðaáli, Reyðarfirði


„Ég hef fengið styrki vegna náms og einnig nýtt mér orlofsbúðir og bústaði. Ég hef hins vegar aldrei nýtt mér þjónustu AFLs sem snýr að réttindum.“

Heiður Hreinsdóttir

– skrifstofustarfsmaður hjá Krabbameinsfélagi Austfjarða, Reyðarfirði

„Ég hef nýtt mér þjónustuna, til dæmis með því að láta fara yfir launaseðla og ráðningarsamninga.

Þessi þjónusta skiptir miklu máli – að maður geti leitað til einhvers til að fá leiðréttingar á ýmsum málum og athugað hver réttur manns á vinnumarkaði er.“



Stofnfundur AFLs



Stofnfundur AFLs var haldinn í félagsheimilinu Skruð á Fáskrúðsfirði þann 28. apríl árið 2007. Að sameiningunni hafði verið unnið um nokkra hríð en sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi og aukin verkefni verkalýðsfélaga var meðal þess sem hratt sameiningarviðræðum eldra AFLs, Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar og Vökuls stéttarfélags af stað. Stóri dagurinn rann svo upp en meðal annars var boðið upp á rútuferðir á fundinn.

Til fundarins mættu 97 fulltrúar með atkvæðisrétt auk gesta frá öðrum verkalýðsfélögum, víðs vegar um landið. Meðal gesta var Grétar Þorsteinsson, þáverandi forseti Alþýðusambands Íslands. Hann sagði að stærri verkalýðsfélög gætu unnið að bættum kjörum. Nauðsynlegt væri hins vegar að halda góðum tengslum við félagsmenn og hann sái fyrir sér að starfsfólk nýs stéttarfélags yrði að leggja á sig aukin ferðalög.

Hvað á félagið að heita?

Fyrir fundinum lágu meðal annars lög sjóða félagsins en samþykkt þeirra rann í gegn. Þá þurfti að kjósa um nafn á félagið og fékk AFL Starfsgreinafélag langflest atkvæði. Önnur nöfn sem kosið var um voru: Stéttarfélag Austurlands, AFL Stéttarfélag, Alþýðusamband Austurlands og Austurafl stéttarfélag. Ein ný tillaga kom úr sal og var hún um að komið yrði upp sérstakri deild innan AFLs um umönnunar- og uppeldisstörf. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Það var svo nýkjörinn formaður, Hjördís Þóra, sem sleit fundinum. Hún rifjaði upp að þegar tillaga um sameiningu félaganna hefði komið fyrst fram rúmum áratug fyrr hefði henni þótt tillagan fjarstæða. Það hefði verið fyrir allar sameiningar þéttbýliskjarna. Hjördís sagði að auðlegð félagsins leyndist fyrst og fremst í félögunum. Hún hvatti menn til að fjölmenna á 1. maí hátíðahöld en upp á þann dag var haldið undir merkjum gömlu félaganna.

Fyrsta stjórn AFLs

Formaður:
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Aðrir í stjórn:
Sigurður Hólm Freysson, Kristján Magnússon, Pröstur Bjarnason, Eyþór Guðmundsson, Reynir Arnórsson og Þóra Ívarsdóttir

Varamenn:
Þorkell Kolbeins, Hanna Ingólfsdóttir, Haukur Guðjónsson og Sara Jakobsdóttir

Formaður verkamannadeildar:
Jóna Járnbrá Jónsdóttir

Formaður verslunarmannadeildar:
Herborg Sjöfn Óskarsdóttir

Formaður iðnaðarmannadeildar:
Hjálmbör Bjarnason

Formaður sjómannadeildar:
Björgvin Erlendsson



Til góðra verka

í 10 ár!

Reynslunni ríkari göngum við til framtíðar

AFL Starfsgreinafélag varð til 28. apríl 2007 með samruna þriggja félaga, Vökuls Stéttarfélags, Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar og AFLs Starfsgreinafélags Austurlands. Bæði Vökull og AFL Starfsgreinafélag Austurlands höfðu áður orðið til úr sameiningum minni félaga. Verkalýðsbarátta á Austurlandi á sér hins vegar sögu allt aftur til 1896 er fyrsta verkalýðsfélagið var stofnað á Seyðisfirði.

Félagssvæði AFLs nær allt frá Skeiðará í suðri að Þórshöfn í norðri. Stærð félagsins fylgja kostir og ókostir. Félagið hefur reynt með ýmsu móti að vinna gegn ókostunum með öflugu starfi trúnaðarmanna, rekstri þjónustuskrifstofa á sjö stöðum á félagssvæðinu og með vinnustaðaheimsóknum. Styrkleika sína hefur félagið reynt að virkja félagsmönnum til hagsbóta.

Við munum fagna 10 ára afmæli AFLs með margvíslegum hætti. Meðal annars var mikið lagt í ársfund trúnaðarmanna sem haldinn var í mars og á aðalfundi félagsins var sérstök afmældagskrá. Þá ætlum við að auka samtal okkar við ungt fólk á félagssvæðinu með ýmsum hætti. Við viljum líta til framtíðar því þangað stefnum við.